


**skoðun** 12

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Jeppar




## Málþing um parkinsonsveiki
Jákvæð teikn í meðferð parkinsonveiki og góð áhrif þjálfunar meðal umræðuefna. **allt** 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
6. september 2011
207. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




### Á útopnu
*Gítarsnillingurinn Björgvin Gíslason fór á kostum á tónleikum í Austurbæ.*
**fólk** 24

### Um lög og lögskýringar
*„Þegar talað er um anda laganna er gjarnan óljóst við hvað er átt," segir Róbert Spanó.*
**umræðan** 13



### 1.056 daga bið á enda?
*Landsliðið freistar þess í kvöld að vinna sinn fyrsta mótsleik í tæp þrjú ár.*
**sport** 26

### veðrið í dag




**KÓLNANDI** Í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt en gengur í ákveðna N-átt í nótt með úrkomu NA. Hiti 8-14 stig, mildast syðst.

**VEÐUR** 4

# Er á móti virkjunum í Jökulsá á Fjöllum

**Kínverski kaupsýslumaðurinn Huang Nubo ætlar að afsala sér vatnsréttindum á Grímsstöðum og er á móti virkjunum í Jökulsá á Fjöllum. Hann áætlar að framkvæmdir hans þar og í Reykjavík muni kosta um 23 milljarða króna.**

**VIÐSKIPTI** Kínverski fjárfestirinn Huang Nubo er á móti virkjunum í Jökulsá á Fjöllum og ætlar að afsala sér vatnsréttindum á Grímsstöðum, gangi kaup hans eftir. Nubo svaraði spurningum Fréttablaðsins með tölvupósti í gær, þar sem kom meðal annars fram að hann hafi engan áhuga á pólitík og honum þyki miður að verið sé að reyna að tengja viðskipti hans hér á landi við stjórnmáláöfl í Kína.

„Það er ekki sanngjarnt að bendla viðskipti mín við stjórnmál í einhvers konar kalda stríðssamhengi. Líf okkar væri mun einfaldara ef menn hefðu ekki svona miklar áhyggjur af Kína," segir Nubo í svari sínu.

Samþykki innanríkisráðuneytið að veita Nubo undanþágu frá lögum um kaup á landareigninni, mun hann hefja framkvæmdir þar sem fyrst. Meðal þess sem liggur fyrir er hótel, flugvöllur, útsýnisflug með loftbelg og aðstaða til útreiða. Talið er að þær framkvæmdir muni kosta um 11,5 milljarða króna.

Náttúruvernd er ofarlega á baugi hjá Nubo og segir hann að eitt af hans fyrstu verkum verði að skipta landinu upp til að ákvarða hvaða hluta skuli friða og skilja eftir ósnortna. Hann ætlar að lokum að leita eftir áliti almennings áður en hann sendir tillögur sínar til stjórnvalda.

Spurður hvort sameign hans og ríkisins á Grímsstöðum muni ekki koma til með að trufla áætlanir hans á svæðinu, segir Nubo:

„Hvert einasta skref sem ég tek mun verða samkvæmt íslenskum lögum. Og yfirvöld munu hafa yfirsýn yfir allar byggingaframkvæmdir sem ég hyggst ráðast í, til að hafa allt ferlið eins gagnsætt og mögulegt er og tryggja góðan árangur."

- sv / sjá síðu 8



**REKTOR SÁ UM KENNSLUNA** Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, tók þátt í kennslustund hjá 7. bekk í Vatnsendaskóla í Kópavogi í gær og fræddi nemendur meðal annars um nytjaefni sem unnin eru úr þara. Heimsóknin var hluti af menntavísindamánuði á aldarafmæli háskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Arnar orðinn kírópraktor:

## Eigin meiðsli kveiktu áhuga

**HEILSA** Jón Arnar Magnússon, tugþrautarkappi og um árabil einn fremsti íþróttamaður landsins, er snúinn heim eftir fimm ára nám í kírópraktík við virtan háskóla í Englandi. Áhugi hans á náminu kviknaði út frá hans eigin reynslu af meiðslum í íþróttum.



JÓN ARNAR MAGNÚSSON

„Maður sá hvernig íþróttamenn komust í gegnum keppni og æfingar í tiltölulega heilu lagi með aðstoð kírópraktors," segir Jón Arnar sem hefur hafið störf sem kírópraktor hjá Kírópraktorstofu Íslands. Þar aðstoðar hann meðal annars aðra íþróttamenn sem þjást af meiðslum.

- jma / tímamót 16

Íslenskt sælgæti í Danmörku:

## Danir farnir að kveikja á Obal

**FÓLK** „Þetta er að verða vinsælt núna og Danirnir að komast á bragðið," segir Kristján Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Nóa Síríus.




ÓBAL Í DANMÖRKU

Íslenski sælgætisframleiðandinn þurfti að breyta Ópal í Obal til að geta selt sælgætið frændum okkar í Danmörku. Útlitið á pökkunum er það sama og hér heima.

Ástæðan er sú að danskur sælgætisframleiðandi hefur þegar tryggt sér réttinn á nafninu. „Við urðum að breyta nafninu og komumst að þessari niðurstöðu ásamt dreifingaraðilanum í Danmörku. Ætli þetta sé ekki auðveldasta breytingin," segir Kristján Geir.

- áp / sjá síðu 30






Ósamræmi í yfirlýsingum ráðherra vegna athugasemda Evrópusambandsins:

# Viðræður tefjast um mánuði

**UTANRÍKISMÁL** Sá hluti aðildarviðræðna við Evrópusambandið sem snýr að landbúnaðarmálum hefur tafist um nokkra mánuði samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ástæðan er sú að formaður samninganefndar um landbúnaðarmál hefur ekki fengið umboð til að vinna áætlun um aðlögun að kerfi ESB samhliða viðræðum.

Ráðherraráð ESB krefst þess að slík áætlun verði lögð fram áður en aðildarviðræður um landbúnaðarmál haldi áfram. Enn fremur verða öll aðildarríkin 27 að samþykkja áætlunina áður en viðræður geta hafist.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá telur formaður samningshóps um landbúnaðarmál sig ekki hafa haft umboð ráðherra til að vinna að áætlanagerð.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir í yfirlýsingu að ekki sé sjálfgefið að lögð sé fram áætlun um verkefni sem samningsaðilar hafi ekki komist að samkomulagi um. Það virðist í beinni andstöðu við minnisblað sem Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra kynnti í ríkisstjórn í janúar, en þar segir að fulltrúar í samningshópi um landbúnaðarmál þurfi að hafa umboð til að gera áætlanir og undirbúa lagabreytingar.

Yfirlýsing Jóns er einnig í andstöðu við ummæli Össurar í viðtali við Fréttablaðið. Þar segist hann reikna með að vinna við áætlanagerðina muni hefjast strax, og að formaður samningshópsins hafi skýrt umboð til að vinna að henni.

„Ég lít svo á að landbúnaðarráðherra hafi sagt það mjög skýrt við okkur að þegar landbúnaðarskýrslan er komin muni þeir í landbúnaðarráðuneytinu taka til óspilltra málanna við þetta. Ef annað kemur í ljós væru menn að vinna gegn bæði samþykktum Alþingis og ríkisstjórnar, og það gera jafnvel ekki einu sinni þeir sem eru andstæðingar Evrópusambandsins," segir Össur.

- bj / sjá síðu 6




## SPURNING DAGSINS



*Ólafur, þurfum við þá að leggja blátt bann við bílaumferð þarna?*

„Er það ekki á tæru?“

Svarar Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, í léttum dúr. Ólafur segir aukna bílaumferð um Þingvelli geta haft aukna mengun í för með sér sem geti spillt tæra, bláa litnum á Þingvallavatni.

Álftnesingurinn sem eyðilagði húsið sitt dreginn fyrir dóm en eigandi hússins gerir enga bótakröfu:

# Ákærður fyrir stórfelld eignaspjöll og fjársvik

**DÓMSMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur gefið út ákæru á hendur Birni Braga Mikkaelssyni, sem jafnaði hús á Álftanesi við jörðu með beltagröfu á þjóðhátíðardaginn fyrir tveimur árum. Björn er ákærður fyrir stórfelld eignaspjöll og jafnframt að hafa svikið milljónir út úr fólki í rekstri einkahlutafélags.

Einbýlishúsið sem Björn rústaði hafði áður verið í eigu hans, en var komið í eigu Frjálsa fjárfestingarbankans þegar hann réðst til atlögu við það. Bankinn er farinn í þrot en slitastjórn hans gerir hins vegar enga bótakröfu í málinu. Ekki náðist í formann hennar til að fá skýringar á því. Ætla má að tjón bankans af athæfi Björns nemi tugum milljóna. Björn stýrði félaginu Sun House Ísland, sem flutti inn einingahús, og er hann ákærður fyrir að hafa fengið þrjár manneskjur til að greiða félaginu samtals rúmar ellefu milljónir sem renna áttu til heildsala húsanna í Finnlandi. Samkvæmt ákærunni var Birni þó alltaf ljóst að af viðskiptum við Finnana yrði aldrei.



**LÍTIÐ EFTIR** Húsið var gjöreyðilagt þegar Björn hafði lokið sér af. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hann er jafnframt ákærður fyrir skilasvik, fyrir að hafa tekið samtals fjórar og hálfa milljón út af reikningi Sun House Iceland og nýtt í eigin þágu þrátt fyrir að félagið stefndi í þrot. Þá er hann ákærður fyrir meiri háttar bókhaldsbrot.

Björn mætti ekki við þingfestingu málsins í gær og hefur því ekki tekið afstöðu til ákærunnar. **- sh**

Úrslit ljós í biskupskjöri:

## Séra Kristján Valur kjörinn vígslubiskup

**ÞJÓÐKIRKJAN Séra Kristján Valur Ingólfsson hlaut flest atkvæði í kjöri til vígslubiskups í Skálholti.**



KRISTJÁN VALUR INGÓLFSSON

**Hann hlaut 80 atkvæði af 142, en kosið var milli hans og Sigrúnar Óskarsdóttur. Úrslit í kjörinu voru kunngjörð um helgina.**

**Kristján Valur er fæddur árið 1947. Hann hefur gegnt ýmsum störfum innan kirkjunnar frá því hann var vígður til prests árið 1974, meðal annars sem rektor Skálholtsskóla. Hann þjónar nú sem sóknarprestur á Þingvöllum og er verkefnisstjóri helgisiða og kirkjutónlistar á Biskupsstofu.**

**Biskupsvígslan fer fram þann 18. þessa mánaðar.** **- þj**

Sænskur bjór í forgrunni:

## Ríkið fjarlægði auglýsinguna

**SVÍÞJÓÐ** Áfengisverslun ríkisins í Svíþjóð, Systembolaget, hefur fjarlægt bjórauglýsingar sem settar voru upp á föstudaginn. Á auglýsingunum var sænskur bjór í forgrunni og einkum bjór frá litlum bruggverksmiðjum.

Slíkar auglýsingar brjóta í bága við reglur Evrópusambandsins, ESB. Sambandið samþykkti áframhaldandi einkaleyfi sænska ríkisins á sölu áfengra drykkja gegn hlutleysi. Ekki mætti halda á lofti innlendum vörum á kostnað innflutta.

Talsmaður Systembolaget sagði mistök hafa verið gerð sem hefðu átt að uppgötvast fyrr. **- ibs**

# Enn einu sinni reynt að lokka barn í bíl

**Tveir menn reyndu að lokka dreng í Kópavogi upp í bíl til sín í gær. Fjölmörg álíka dæmi að undanförnu. Fylgir jafnan haustinu og skólabyrjun. Lögreglan þarf greinarbetri upplýsingar. Má þakka fyrir að enn hefur ekki farið illa.**

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynnt var í gær um tvo menn í bíl sem reyndu að tæla ungan dreng til sín með loforði um sælgæti. Drengurinn sat og beið eftir strætisvagni í Hlíðarhjalla í Kópavogi, en forðaði sér þegar mennirnir kölluðu til hans.

Málið er í rannsókn hjá lögreglu, en fjölmörg svipuð dæmi hafa komið upp undanfarnar vikur.

Tilkynnt hefur verið um átta tilfelli hið minnsta á höfuðborgarsvæðinu síðan síðasta vor, en enginn hefur enn verið handtekinn og ákærður.

Þá hafa skólayfirvöld jafnan sent út tilkynningar til aðstandenda nemenda ef tilkynning berst um slíka uppákomu.

Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOKs, Samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, segir í samtali við Fréttablaðið að mikilvægt sé að börn og foreldrar séu á varðbergi gagnvart slíku.

„Fólk þarf að vera vakandi fyrir þessum hlutum og tilkynna rétt um aðilum ef það kemur upp. Svo þurfa foreldrar auðvitað að ræða þessa hluti við börnin sín án þess þó að gera þau of skelfd.“

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík, segir að vissulega hafi margar tilkynningar borist undanfarið, en þessi umræða fylgi jafnan haustinu þegar skólarnir eru að byrja aftur eftir sumarfrí.

Hann segir að hverri tilkynningu sé fylgt eftir af krafti og það tengist ekki skorti á mannafla.

„Við höfum nægan mannskap í þessi mál og við förum vel yfir hvert og eitt þeirra,“ segir Geir Jón.

### Tilkynnt um tilraunir til að tæla börn




1. **Mars:** Húsaskóli í Grafarvogi
*Tveir menn í svörtum bíl bjóða dreng að sjá LEGO-kubba*
2. **1. apríl:** Flúðasel í Breiðholti
*Maður í svörtum bíl býður stúlku nammi*
3. **24. ágúst:** Setbergshverfi í Hafnarfirði
*Tveir menn í bláum bíl biðja stúlku um að koma með sér. Segja að mamma hennar sé slösuð*
4. **29. ágúst:** Við Lækjarskóla í Hafnarfirði
*Maður í bíl biður stúlku um að koma með sér. Segir að mamma hennar sé slösuð.*
5. **29. ágúst:** Vatnsnesvegur í Keflavík
*Maður á hvítum Cherokee-jeppa reynir að tæla dreng upp í bíl. Býður honum að koma að leika með LEGO-kubba.*
6. **30. ágúst:** Vesturbær Reykjavíkur
*Maður reynir að tæla stúlku upp í bíl með sér.*
7. **30. ágúst:** Kórahverfi í Kópavogi
*Feitlaginn maður á gangi í hverfinu reynir að lokka til sín stúlkur*
8. **5. september:** Hlíðarhjalli í Kópavogi
*Tveir menn á bíl reyna að tæla dreng til sín með loforði um sælgæti.*



> Við förum jafnvel í eftirlitsmyndavélar fyrirtækja nálægt vettvangi til að leita að frekari upplýsingum og þrengja hringinn.
>
> GEIR JÓN ÞÓRISSON YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

„Við förum jafnvel í eftirlitsmyndavélar fyrirtækja nálægt vettvangi til að leita að frekari upplýsingum og þrengja hringinn.“

Hann bætir því við að oft séu lýsingar frá atvikunum ekki nógu greinargóðar. Best væri auðvitað að fá bílnúmer.

„En krakkagreyin átta sig ekki á því áður en þeir hlaupa burt.“

Geir Jón þakkar þó fyrir að enn hafi ekki farið illa.

„Sem betur fer eru börn svo vel upplýst að þau láta ekki ginnast og það er að bjarga þessu.“

**thorgils@frettabladid.is**

Steingrímur um Icesave:

## Fögnum þegar málinu lýkur

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir rannsókn og sögulegt uppgjör á Icesave-málinu ekki tímabært. Málinu sé einfaldlega ekki lokið og ekki beri að fagna sigri fyrr en hann næst.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Steingrím á þingi í gær hvort ummæli forseta Íslands væru ekki tilefni til að samþykkja þingsályktunartillögu flokksins um rannsókn á málinu. Bjarni sagði ummæli forsetans harkaleg, árás á ríkisstjórn, en ekki að tilefnislausu. Steingrímur sagðist boðinn og búinn að setjast yfir málið. Fyrir 10. september þyrfti að svara áliti ESA. Væri það ekki gert þyrfti að greiða 650 milljarða króna. **- kóp**

Icelandair lyftir Framtakssjóði:

## Hagnast um 2,5 milljarða króna

**VIÐSKIPTI Framtakssjóður Íslands hagnaðist um rúma 2,5 milljarða króna á fyrri hluta ársins.**

**Í byrjun árs var eina eign Framtakssjóðsins eignahlutur í Icelandair Group. Í janúar bættust svo við hlutir í fyrirtækjum með kaupum á félaginu Vestia af Landsbankanum. Þar á meðal eru Húsasmiðjan, Skýrr, Vodafone og fleiri fyrirtæki. Eignahlutirnir eru færðir á kostnaðarvirði í bækur Framtakssjóðsins.**

**Afkoma sjóðsins skýrist af gengishækkun á hlutafjáreign sjóðsins í Icelandair Group, að því er fram kemur í tilkynningu. Eigið fé sjóðsins nam 20,9 milljörðum króna í lok júní.** **- jab**






Ökumaður missti stjórn á bíl sínum í kappakstri á Hafnarfjarðarvegi:

# Settu vegfarendur í stórhættu

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður slasaðist þegar hann missti stjórn á bíl sínum í ofsaakstri á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk um sjöleytið í gærkvöldi. Bíllinn lenti á ljósastaur og valt nokkuð hundruð metra.

Maðurinn, sem var einn í bílnum, var fluttur á slysadeild Landspítalans. Að sögn læknis virtist ekki um alvarleg meiðsl að ræða.

Að sögn lögreglu voru tveir bílar í kappakstri og höfðu verið í töluverðan tíma þegar slysið varð. Ökumaður hins bílsins stakk af og var hans leitað í gærkvöld. Margir sjónarvottar voru að slysinu og segir lögregla þeim hafa blöskrað athæfi ökumannanna tveggja, enda hafi nærstaddir vegfarendur verið í hættu vegna háskaaksturs. **- jab**




**BÍLLINN ER GJÖRÓNÝTUR** Bíllinn lenti á ljósastaur og tók hann með sér nokkuð hundruð metra. Loka þurfti fyrir umferð á slysstað í nokkrar stundir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HYUNDAI
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.
UEFA EURO2012 POLAND-UKRAINE
„Þú verður að prófa Hyundai!“
Þú uppgötvar gæðin með reynsluakstri
HYUNDAI ix35
5 ÁRA ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
LÉTTSKOÐUN
ENNEMM / SÍA / NM47911
Hyundai ix35
Nýr Hyundai ix35 er hannaður með það fyrir augum að mæta ört vaxandi kröfum venjulegs fjölskyldufólks sem vill fyrst og fremst tæki til að komast þangað sem ferðinni er heitið á öruggan og hagkvæman hátt. Ekki skemmir að hafa útlitið með sér og ferðast í þægindum með stæl.
Verð frá: 5.590.000 kr.
Eyðsla í langkeyrslu 6,8 l/100 km
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.
i30
i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.
Verð frá 2.790.000 kr.
Eyðsla í langkeyrslu 5,1 l/100 km
Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is
INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

## GENGIÐ 05.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,07 | 115,61 |
| Sterlingspund | 185,59 | 186,49 |
| Evra | 162,48 | 163,38 |
| Dönsk króna | 21,809 | 21,937 |
| Norsk króna | 21,193 | 21,317 |
| Sænsk króna | 17,845 | 17,949 |
| Japanskt jen | 1,4966 | 1,5054 |
| SDR | 183,3 | 184,4 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

219,0053

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félagsráðgjafar hjá Reykjavíkurborg flýja annað vegna óánægju með lág laun:

# Ófaglærðir ráðnir í staðinn

**KJARAMÁL** Félagsráðgjafar hjá Reykjavíkurborg hyggjast fjölmenna á opinn fund borgarstjórnar í dag til þess að leggja áherslu á launakröfur sínar. Í byrjun júní felldu félagsráðgjafarnir með 75 prósentum greiddra atkvæða samninga sem þeim buðust og er þá farið að lengja eftir að viðunandi niðurstaða fáist.

„Störf starfsmanna hjá Reykjavíkurborg voru metin árið 2006. Við erum ósátt við matið og viljum endurmat. Við erum lægst launaða fagfólkið á þjónustumiðstöðvunum en erum í framvarðasveit í velferðarþjónustu. Aukið álag í kjölfar bankahrunsins hefur að miklu leyti lent á okkur og við viljum fá laun í samræmi við það og einnig í samræmi við menntun okkar,“ segir Bryndís Ósk Gestsdóttir félagsráðgjafi.



BRYNDÍS ÓSK GESTSDÓTTIR

Hún kvaðst hafa fengið 231.954 krónur í laun eftir skatt 1. september síðastliðinn.

„Félagsráðgjafanámið er fimm ára háskólanám. Ég er orðin 38 ára og er með 10 ára starfsreynslu. Þessi lágu laun félagsráðgjafa hafa valdið því að þeir eru farnir að ráða sig annað. Það er farið að ráða fólk með aðra menntun í stað þeirra sem hafa hætt. Það er verið að minnka þjónustustigið við borgarana. Það er á ábyrgð stjórnmálamannanna að þjónustan sé fagleg og góð og þess vegna fjölmennum við í Ráðhúsið,“ segir Bryndís Ósk.

- ibs

Tvöföldun á tíu árum:

# 40 sjálfsvíg á dag í S-Kóreu

**SUÐUR-KÓREA** Tíðni sjálfsvíga hefur tvöfaldast í Suður-Kóreu á síðustu árum. Þetta sýna nýjar tölur. Tölurnar sýna að árið 2009 frömdu meira en 40 manns sjálfsvíg á hverjum degi, sem eru tvöfalt fleiri en tíu árum fyrr.

Suður-Kórea hefur einna hæst hlutfall sjálfsvíga í heiminum. Þrýst hefur verið á stjórnvöld að aðhafast í þessum málum. Lög hafa verið sett sem leggja meiri ábyrgð á herðar stjórnvalda, og nú stendur til að opna hjálparstofnanir víða um landið.

- þeb



**HÖRMULEGT ÁSTAND** Fjórar milljónir Sómala þurfa á neyðaraðstoð að halda. Hundruð deyja úr hungri á hverjum degi. MYND NORDICPHOTOS/AFP

Hungursneyð breiðist út:

# Hundruð látast á hverjum degi

**SÓMALÍA Hungursneyð hefur verið lýst yfir í fleiri héröðum í Sómalíu. Fjórar milljónir Sómala þurfa nú á neyðaraðstoð að halda, að sögn Sameinuðu þjóðanna.**

**Hundruð Sómala látast úr hungri á hverjum degi. Að minnsta kosti helmingurinn er börn.**

**Tæplega sextíu prósent fólks eru alvarlega vannærð. Hungursneyðin mun breiðast enn meira út ef ekki verður brugðist við strax, segja Sameinuðu þjóðirnar.**

**Hungursneyð hefur verið lýst yfir á sex svæðum, fjórum í Sómalíu og tveimur svæðum þar sem eingöngu flóttamenn hafast við.**

**- þeb**

## LEIÐRÉTTINGAR

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að útboð vegna olíuleitar á Drekasvæðinu yrðu opnuð 1. október. Hið rétta er að það gerist 3. október, fyrsta mánudag í október.

Í leiðara blaðsins í gær var farið rangt með vörumerki Vallanesbúsins á Fljótsdalshéraði. Vörur búsins eru seldar undir merkinu Móðir jörð. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Telja ítrekað brotið á Geir

**Mannréttinda- og stjórnarskrárbrot, vanhæfi og stórkostleg vanreifun eru allt orð sem verjandi Geirs H. Haarde greip til þegar hann krafðist þess – aftur – að máli Alþingis gegn honum yrði vísað frá landsdómi.**

**LANDSDÓMUR** Mál Alþingis á hendur Geir H. Haarde er órannsakað sem sakamál, ákæran er stórkostlega vanreifuð og óskýr, Sigríður J. Friðjónsdóttir er vanhæf sem saksóknari og málsmeðferðin brýtur bæði í bága við stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Allt ofantalið er meðal röksemda Andra Árnasonar, verjanda Geirs, fyrir því að vísa beri málinu frá landsdómi. Tekist var á um frávísunarkröfuna í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

> Reglur um rannsókn sakamála eru ekki bara upp á punkt.
>
> ANDRI ÁRNASON VERJANDI GEIRS H. HAARDE

Geir krafðist einnig frávísunar málsins þegar ákæran á hendur honum var þingfest í júní, þá á þeirri forsendu að dómurinn væri ólöglega skipaður. Þeirri kröfu var hafnað.

Í gær var aftur tekin fyrir frávísunarkrafa, nú byggð á fjölda annarra atriða sem Geir og verjandi hans telja ónýta málið.

Í fyrsta lagi telja þeir að málið hafi aldrei hlotið formlega sakamálarannsókn þar sem bæði saksóknari og þingmannanefnd Atla Gíslasonar hafi undirbúið ákæruna með því einu að liggja yfir gögnum. Raunar gagnrýndi Andri það sérstaklega að nefndin og þingið allt hafi tekið ákvörðun um ákæru án þess að hafa haft til þess fullnægjandi gögn, sem Þjóðskjalasafnið og forsætisráðuneytið afhentu ekki fyrr en að beiðni saksóknara.

Sérstaklega gagnrýndi Andri það í yfirferð sinni að engin skýrsla hefði verið tekin af Geir við rannsókn málsins, eins og tíðkaðist í öllum sakamálum. „Reglur um rannsókn sakamála eru ekki bara upp á punt. Þær eru þarna til að þeim sé fylgt,“ sagði Andri.

Í öðru lagi telja þeir að að ákæran sé svo almennt orðuð að ótækt sé. Engin leið sé fyrir Geir að átta sig fyllilega á því fyrir hvað – nákvæmlega – hann er ákærður, hvað hann hefði átt að gera sem hann gerði ekki og öfugt. Ákæruvaldið þurfi að vera skýrar og ekki sé nóg að ítarleg lýsing á ákæruatriðunum komi fyrst fram við aðalmeðferð. Hún sé raunar svo óljós



**ENGINN KULDI** Geir Haarde heilsaði að venju saksóknaranum Sigríði Friðjónsdóttur með handabandi við upphaf réttarhaldanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að hún standist ekki kröfur um réttláta málsmeðferð og brjóti þar með gegn stjórnarskránni og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Ómögulegt sé að undirbúa málsvörn þegar menn þurfi nánast að geta sér til um það á hverju málatilbúnaður ákæruvaldsins muni byggja.

Í þriðja lagi telur sakborningurinn að saksóknarinn hafi gert sig vanhæfan til að fara með málið þegar hann var þingmannanefnd Atla Gíslasonar til ráðgjafar um smíði þingsályktunartillögu um ákæruna.

Að lokum er það mat Geirs og Andra að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar hafi verið brotin þegar Alþingi ákvað að ákæra aðeins einn af þeim fjórum sem þingmannanefndin lagði til að dregnir yrðu fyrir dóm, án þess að sýnt hafi verið fram á að sú aðgreining hafi byggst á málefnalegum forsendum.

Sigríður Friðjónsdóttir var til andsvara og mótmælti öllum röksemdum Geirs og Andra. Hún sagði málið í raun hafa verið rannsakað af rannsóknarnefnd Alþingis og ekki ætti að taka skýrslu til þess eins að fullnægja formskilyrðum. Ákæran væri í samræmi við það sem Alþingi ákvað og alls ekki óskýr, sjálf hefði hún enga efnislega afstöðu tekið til málsins við ráðgjöf sína og þingmenn hefðu greitt atkvæði um ákæru samkvæmt sannfæringu sinni, eins og kveðið væri á um í stjórnarskrá, og það þyrfti ekki frekari rökstuðnings við.

Landsdómur hefur nú fjórar vikur til að kveða upp úrskurð um kröfuna.

stigur@frettabladid.is





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT + 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**NORÐANÁTT**

Gengur í stífa norðanátt á landinu í nótt með úrkomu um norðan- og austanvert landið næstu daga. Úrkomulítið og léttir til syðra. Kólnar heldur í veðri og má víða búast við næturfrosti aðra nótt.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 17° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 21° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 16° |
| París | 20° |
| San Francisco | 25° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# SUMARTILBOÐ SÍÐUSTU DAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# SUMARTILBOÐ SÍÐUSTU DAGAR

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## KJÖRKASSINN



*Styður þú byggingu hátæknisjúkrahúss í miðbænum?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,3% |
| Nei | 73,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú eðlilegt að fá erlendan þjálfara fyrir íslenska landsliðið í knattspyrnu?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Vísir

Efnahags- og viðskiptaráðherra talar um ofurtolla á landbúnaðarvörum:

# Árni Páll segir tolla loka á útflutning

**ALÞINGI** Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir samninga um viðskiptafrelsi ekki ná takmarki sínu ef tollkvótum er beitt með þeim hætti að varan sé dýrari á kvótunum en utan þeirra. Slíkt geti ekki verið markmið samninga af slíku tagi.



**ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR**



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Þetta kom fram í svari Árna Páls við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi í gær. Tilefnið var umræða um tolla á innfluttar landbúnaðarvörur.

Líkt og greint hefur verið frá urðu breytingar á tollunum árið 2009 þegar teknir voru upp verðtollar í stað magntolla. Þorgerður vitnaði til GATT-samningsins, en þar var komið á fót tollkvótum á búvörur með það fyrir augum að tryggja samkeppni og lægra vöruverð. Raunin er sú að í einhverjum tilvikum eru vörur dýrari á tollkvótunum en utan þeirra.

Árni Páll segir þetta brjóta í bága við markmið samninganna. Hann segir það geta verið sjálfstætt markmið að loka fyrir innflutning á ákveðnum vörum. Það sé hins vegar til vansa fyrir íslenskt samfélag og loki á útflutning sömu vara.

„Það er afskaplega vanhugsað að íslensk landbúnaðarframleiðsla fái ekki notið þeirra vaxtarsprota sem útflutningur býður upp á.“ **- kóp**

Jemenskar hersveitir:

# Gerðu loftárásir og drápu sjö

**JEMEN, AP Jemenskar orrustuþotur gerðu loftárásir á bæinn Jaar í suðurhluta landsins í gær. Bærinn er undir stjórn íslamskra uppreisnarmanna, sem yfirvöld segja að hafi tengsl við Al-Kaída.**

**Yfirvöld segja að tugir hafi látið lífið í loftárásunum, en staðfest er að minnst sjö manns hafi látist.**

**Varnarmálaráðherra landsins hafði greint frá því á sunnudag að sautján Al-Kaída liðar hefðu verið drepnir í loftárásum annars staðar í suðurhluta landsins. - þeb**

Landakaup Huangs Nubo:

# Guðfríður gegn undanþágunni

**ALÞINGI** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, segir fyrirhuguð kaup Kínverjans Huangs Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum brjóta í bága við lög. Hún vill ekki að iðnaðarráðherra veiti honum undanþágu á meðan endurskoðun hefur ekki farið fram á lögum um auðlindir og almannaréttur tryggður.



**GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR**

Þetta kom fram í fyrirspurnartíma á Alþingi í gær. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði endurskoðun í fullum gangi. „Ég tek undir það að við þurfum að styrkja almannaréttinn enn frekar,“ sagði Katrín. **- kóp**

## REYKJANESBÆR

### Skildu barnið eftir í bílnum

Ungbarn var skilið eftir í bíl fyrir utan veitingahúsið Rána í Reykjanesbæ síðdegis í gær. Samkvæmt frétt Víkurfrétta var barnið kófsveitt og rautt í andliti þegar lögreglumenn bar að garði. Barnið var mikið klætt. Foreldrarnir voru inni á veitingahúsinu að fá sér borða. Málið er komið á borð barnaverndaryfirvalda í Reykjanesbæ.

# Aðildarviðræður tefjast

**Gera verður áætlun um hvernig laga eigi íslenska landbúnaðarkerfið að kerfi ESB áður en aðildarviðræður um landbúnaðarmál hefjast. ESB segir að taka eigi tillit til sérstakra aðstæðna í landbúnaðarmálum á Íslandi.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað kemur fram í skýrslu ESB um landbúnaðarmál og dreifbýlisþróun á Íslandi og hvaða áhrif hefur það á aðildarviðræður Íslands?



**ÁSTEYTINGARSTEINN** Þar sem íslensk stjórnvöld ætla ekki að laga stjórnsýslu landbúnaðarins að kerfi ESB verður að leggja fram áætlun um hvernig það verði gert, samþykki þjóðin ESB-aðild, áður en viðræður um landbúnaðarmál fara fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensk stjórnvöld verða að setja fram áætlun um hvernig landbúnaðarkerfið verður lagað að kerfi Evrópusambandsins áður en hægt verður að ræða frekar um landbúnaðarmál í aðildarviðræðum Íslands við bandalagið.

Í bréfi frá pólskum stjórnvöldum, sem fara með formennsku í ráðherraráði ESB, segir að slík áætlun verði jafnframt að hljóta samþykki allra aðildarríkjanna 27 áður en sá hluti aðildarviðræðna sem snýr að landbúnaðarmálum getur haldið áfram. Bréfið fylgir rýniskýrslu frá framkvæmdastjórn ESB um landbúnað og dreifbýlisþróun á Íslandi sem gerð var opinber í gær.

Augljóslega getur tekið talsverðan tíma að fá samþykki allra aðildarríkjanna, og ljóst að viðræður um landbúnaðarmál tefjast vegna þessa.

Þetta setur íslensk stjórnvöld í nokkurn vanda þar sem formaður samningahóps Íslands um landbúnaðarmál fullyrðir að hópurinn hafi ekki umboð Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, til að vinna að áætlunargerð. Þessi afstaða hans kemur fram í fundargerð frá fundi samninganefndar Íslands sem fram fór 19. maí síðastliðinn og Fréttablaðið hefur sagt frá.

Í yfirlýsingu Jóns, sem send var fjölmiðlum í gær, segir hann að ekki sé sjálfgefið að lögð sé fram áætlun um verkefni sem samningsaðilar hafi ekki rætt um eða komist að samkomulagi um.

Þetta er í beinni andstöðu við minnisblað sem Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra kynnti í ríkisstjórn 21. janúar síðastliðinn. Þar segir að fulltrúar samningshóps í landbúnaðarmálum þurfi að hafa umboð til að gera áætlanir og undirbúa lagabreytingar.

Í yfirlýsingu sem gefin var munnlega á rýnifundi um landbúnaðarmál 27. janúar segir enn fremur að hluti af þeirri undirbúningsvinnu sem inna þurfi af hendi sé að byggja upp þekkingu innan stjórnsýslunnar til að bregðast hratt við gerð laga- og stjórnsýslubreytinga svo „allt verði til reiðu frá gildistöku aðildar“.

Vinna þarf áætlunina í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, en það hefur væntanlega ekki farið framhjá mörgum að ráðherra málaflokksins er andvígur aðild Íslands að ESB.

Íslensk stjórnvöld hafa gefið út þá stefnu að íslenska landbúnaðarkerfið að engan hátt lagað að kerfi ESB fyrr en ef til þess komi að íslenska þjóðin samþykki aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í bréfi ráðherraráðsins er sérstaklega tekið fram að í áætlun Íslands eigi að taka tillit til sérstakra aðstæðna sem landbúnaðurinn á Íslandi búi við.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram það mat framkvæmdastjórnar ESB að Ísland hafi enga heildstæða byggðastefnu. Þar segir að vissulega séu til ýmsir vísar að slíkri stefnu, en heildræna forgangsröðun og skipulagningu skorti, sem og leiðir til að hrinda stefnunni í framkvæmd.

Til að Ísland geti fallið undir landbúnaðarstefnu ESB þarf að setja upp heildstæða byggðastefnu í samræmi við reglur sambandsins, segir enn fremur í skýrslunni. Slík stefna mun þegar vera í vinnslu hjá byggðahópi samninganefndar Íslands.

Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar er vikið að hlutverki Bændasamtaka Íslands í stjórnsýslu tengdri landbúnaði. Þar segir að áður en Ísland geti gerst aðili að ESB þurfi að setja á laggirnar stofnun sem haldi utan um stjórnsýslu tengda landbúnaðinum.

Framkvæmdastjórnin telur þó mögulegt að slík stofnun láti öðrum eftir ákveðna hluta stjórnsýslu tengdri landbúnaði. Þó er skýrt að ekki yrði heimilt að láta öðrum eftir að sjá um útdeilingu styrkja frá ESB.

brjann@frettabladid.is

## Vill skýringar ESB

Fulltrúar Evrópusambandsins þurfa að skýra með fullnægjandi og tæmandi hætti hvað átt er við með þeim skilyrðum sem fram koma í erindi ESB, segir í yfirlýsingu frá Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.



**JÓN BJARNASON**

Í yfirlýsingunni segir að Jón telji að liggja þurfi ljósar fyrir að sú áætlunargerð sem ESB krefjist „feli ekki í sér aðlögun né breytingar á lögum eða regluverki, áður en aðild hefur verið samþykkt“. Þá sé ekki sjálfgefið að lögð sé fram áætlun um verkefni sem samningsaðilar hafi ekki rætt um eða komist að samkomulagi um hvort henti Íslandi.

Jón gaf Fréttablaðinu ekki kost á viðtali vegna málsins í gær.

## Segir aðlögunaráætlun verða unna í landbúnaðarráðuneytinu

Sérfræðingar landbúnaðarráðuneytisins og undirstofnana þess þurfa að vinna þá áætlun sem Evrópusambandið fer fram á að verði unnin áður en aðildarviðræður um landbúnaðarmál halda áfram, segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Hann segist reikna með því að sú vinna hefjist strax, nú þegar rýniskýrsla framkvæmdastjórnarinnar um landbúnaðarmál hefur verið gerð opinber. Össur segir formenn íslenska samningahópsins hafa skýrt umboð ríkisstjórnarinnar til að vinna að áætluninni.

„Ég lít svo á að landbúnaðarráðherra hafi sagt það mjög skýrt við okkur að þegar landbúnaðarskýrslan er komin muni þeir í landbúnaðarráðuneytinu taka til óspilltra málanna við þetta. Ef annað kemur í ljós væru menn að vinna gegn bæði samþykktum Alþingis og ríkisstjórnar, og það gera jafnvel ekki einu sinni þeir sem eru andstæðingar Evrópusambandsins,“ segir Össur.

Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar segir einnig að Ísland verði að koma sér upp heildstæðri byggðastefnu, sem sé einfaldlega ekki til staðar á Íslandi í dag. Össur segir þá áætlunargerð í gangi núna.

Almennt segir Össur skýrsluna jákvæða, en þó veki þar tvennt sérstaka athygli. „Í fyrsta lagi vegna umræðunnar hér heima að Evrópusambandið gerir enga athugasemd við að Ísland ætli sér ekki að fara í aðlögun fyrr en eftir þjóðaratkvæðagreiðslu, heldur bendir á það án athugasemda að Ísland hafi valið þessa leið. Í öðru lagi er það algerlega skýrt [...] að það verði samið út frá séríslenskum aðstæðum, og margítrekað að taka verði tillit til sérstöðu Íslands,“ segir Össur.

„Þetta er mikill sigur fyrir Ísland að öðlast þessa viðurkenningu,“ segir Össur.

Hann segir mikilvægt að sjá í samhengi annars vegar það sem framkvæmdastjórn ESB segi um landbúnaðinn í þessari skýrslu og hins vegar það sem hún hafi áður sagt um sjávarútvegsmál.

„Þá liggur það fyrir svart á hvítu að ESB er búið að segja um tvo erfiðustu málaflokkana sem við þurfum að semja um, að það þurfi að taka tillit til íslenskra aðstæðna og það þurfi að semja með þeim hætti að reglur sambandsins kunni að breytast. Það sýnir blóðhrátt að Ísland þarf ekki að taka upp óbreyttar reglur, heldur er viðurkennt bæði með fiskinn og landbúnaðinn að það verði samið út frá íslenskum aðstæðum.“




The Academy of Colour and Style

ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

**VILTU VERÐA STÍLISTI?**

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textíll. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textíll | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textíl, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is



**Audi Q7 4.2 S-Line**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 54.000 km, sjálfskiptur

**Ásett verð**
**7.990.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Transporter**
TDI DC 4x4, Árgerð 2007, dísel
Ekinn 73.000 km, beinsk.

Ásett verð
**2.790.000,-**



**VW Caddy**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 84.000 km, beinsk.

Ásett verð
**1.290.000,-**



**Subaru Legacy**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 103.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**1.990.000,-**



**Toyota Corolla**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 56.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**1.990.000,-**



**Nissan X-Trail**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 95.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.250.000,-**



**Honda Civic**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.

Ásett verð
**1.990.000,-**



**MM Pajero** Instyle
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 84.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**6.590.000,-**



**VW Passat** Comfort
4Motion Árg. 2006, bensín
Ekinn 64.000 km, beinsk.

Ásett verð
**2.790.000,-**



**VW Sharan**
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 78.000 km, beinsk.

Ásett verð
**2.990.000,-**



**VW Polo** Comfort. 1,4
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 41.000 km, beinsk.

Ásett verð
**2.090.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2009, dísel
Ekinn 50.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**7.890.000,-**



**Skoda Superb** 1.8T
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 76.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.390.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

**FRÉTTAVIÐTAL:** Kínverski kaupsýslumaðurinn Huang Nubo

# Vill varðveita arfleifð náttúrunnar

**Huang Nubo hefur engan áhuga á pólitík og þykir leitt að verið sé að tengja hann við stjórnmálaöfl. Hann mun afsala sér vatnsréttindum á Grímsstöðum og er á móti virkjunum í Jökulsá. Huang svaraði spurningum Fréttablaðsins með tölvupósti í gær.**



**GRÍMSSTAÐIR Á FJÖLLUM** Grímsstaðir eru um 300 ferkílómetrar að stærð, sem gerir jörðina að einni stærstu jörð á landinu. MYND/SIGGA HALLGRÍMS

*Hvernig svarar þú þeim sem sett hafa spurningarmerki við fyrirætlanir þínar í sambandi við vaxandi áhrif Kína á alþjóðamarkaði?*

„Mér finnst afar leiðinlegt að sumir séu að reyna að tengja viðskiptaáætlanir mínar við pólitík. Það er ekki sanngjarnt að bendla viðskipti mín við stjórnmál í einhvers konar kalda stríðssamhengi. Líf okkar væri mun einfaldara ef menn hefðu ekki svona miklar áhyggjur af Kína.“

*Hverjar eru fyrirætlanir þínar varðandi vatnsréttindi á Grímsstöðum?*

„Ég er félagi í TNC, The Nature Conservancy, sem eru ein af stærstu náttúruverndarsamtökum heims og ég er mikill náttúruverndarsinni. Ef ég fæ leyfi frá yfirvöldum til að halda áfram með verkefni mitt á Grímsstöðum, verður mitt fyrsta og mikilvægasta verkefni að gera yfirgripsmikla áætlun um náttúruvernd á svæðinu.

Ég hef engan áhuga á vatnsréttindum í Jökulsá á Fjöllum og raunar er ég eindregið á móti virkjunum í þessari fallegu á, sem er ástæða þess að ég ætla að afsala mér vatnsréttindum.“

### Hefur engan áhuga á pólitík

*Ert þú virkur í kínverskum stjórnmálum?*

„Ég tek ekki þátt í pólitík, ég stunda viðskipti. Þar fyrir utan tek ég þátt í alls kyns alþjóðlegum ljóðaviðburðum og góðgerðarmálum, ásamt því að ganga mikið á fjöll. Ég hef engan áhuga á pólitík.“

*Hvað finnst þér um þá opinberu umræðu sem hefur átt sér stað á Íslandi eftir að fyrirætlanir þínar urðu opinberar?*

„Mér fellur ekki að vera bendlaður við pólitík á nokkurn hátt, en ég skil áhyggjur fólks í því samhengi. Kaupsýslumönnum eins og mér er ekki um að vera blandað inn í stjórnmálaumræður, en ég bjóst við þessu vegna þess að það hefur verið mikill áhugi á alþjóðlegum vettvangi á viðskiptahegðun kínverskra kaupsýslumanna. En það er alveg ljóst að ég mundi endurskoða allar fjárfestingarhugmyndir mínar á Íslandi ef þær væru líklegar til að valda pólitískri sundrung.“

*Finnur þú fyrir kynþáttafordómum í umræðunni á Íslandi?*

„Ég hef ekki fundið fyrir neinu slíku.“

*Telur þú að umræðan sé sanngjörn?*

„Ég hef ekki náð að fylgjast með umræðunni á Íslandi undanfarna daga nægilega vel þar sem ég hef verið mikið á ferðalögum. En ég tel að það sé eðlilegt að almenningi á Íslandi sé annt um nýtingu landsins, en þó finnst mér það afar ósanngjarnt ef umræðan einblínir á kynþátt minn eða þjóðerni. Ég er bara kaupsýslumaður með sýn á það hvernig á að þróa ferðamannaiðnaðinn í framtíðinni svo hann verði arðvænn fyrir landið og ferðamennina sjálfa.

Ég hef töluverðar áhyggjur af þeirri þróun sem á sér stað þegar ferðamannastaðir eru þróaðir án nægilegrar framtíðarsýnar. Það gæti endað með því að margir af fallegustu stöðum á jörðinni verði eyðilagðir. Ég vil því leggja mitt af mörkum til að varðveita arfleifð náttúrunnar svo komandi kynslóðir munu geta notið þeirra á sama hátt og forfeður okkar.“

*Hefur þú áhyggjur af því að kínversk yfirvöld muni reyna að hafa áhrif á mögulega fjárfestingu þína á Grímsstöðum?*

„Ég tel að það ætti ekki að vera nein ástæða fyrir kínversk stjórnvöld að hafa áhrif á fjárfestingar mínar. Eina ástæðan sem mér dettur í hug fyrir kínversk stjórnvöld að koma í veg fyrir kaupin er sú að þau teldu að þau hefðu slæm áhrif á Ísland. Ef það gerist þarf ég að hætta við áætlanir mínar, vegna þess að gjaldeyrisskipti eru háð samþykki kínverskra stjórnvalda og ég mundi þar af leiðandi ekki geta notað mína kínversku fjármuni á Íslandi.“

### Ferðaþjónusta án hliðstæðu

*Hvað ætlast þú fyrir með kaup þín á Grímsstöðum?*

„Þegar ég hef fengið undanþáguna frá stjórnvöldum í báðum löndum, mun ég koma á fót íslensku fyrirtæki. Þetta fyrirtæki mun kaupa eignina og reka hana samkvæmt íslenskum lögum rétt eins og önnur fyrirtæki í landinu. Ég get ekki séð hvernig þjóðerni ætti að skipta þar máli.

Síðan mun ég bjóða umhverfisfræðingum frá alþjóðasamtökunum TNC til Íslands, þar sem meðal annars munu vera sérfræðingar á sviði vatnafræði, staðfræði, líffræðilegs fjölbreytileika, umhverfisvæns ferðamannaiðnaðar, arkitektúrs og fleira. Þeir munu skoða aðstæður á Grímsstöðum og ráðfæra sig síðan við íslenska sérfræðinga.

Svo mun ég láta framkvæma umhverfisáætlun, sem mun skipta landinu niður eftir svæðum; þeim sem verða þróuð áfram og þeim sem verða friðuð og látin ósnortin. Að því loknu mun ég leita eftir áliti almennings áður en ég sendi áætlanir mínar til íslenskra yfirvalda.

Þegar ég hef fengið samþykki frá yfirvöldum, munum við byrja hönnunarvinnu og framkvæmdir, sem ég býst við að muni taka um það bil tvö ár. Ég ætla mér að vinna með íslenskum verkfræðiog byggingafyrirtækjum og ég býst við því að ferðamannasvæðið verði tilbúið til reynslu árið 2014.

Við munum byggja 20.000 fermetra ferðamannaaðstöðu, þar á meðal fimm stjörnu hótel með meira en 100 herbergjum í 10.000 fermetrum. Einnig munum við gera stórar svítur fyrir fjölskyldur og litla hópa. Þar fyrir utan ætlum við að þróa umhverfisvænan golfvöll, aðstöðu til að stunda hestaíþróttir, lítinn flugvöll og útsýnisflug með loftbelg.

Á sama tíma munum við einnig fara af stað með þriggja til tíu daga gönguferðir á svæðinu. Heildarkostnaður við framkvæmdirnar mun sennilega verða um 100 milljónir Bandaríkjadala.

Gangi framkvæmdir mínar á Grímsstöðum eftir mun ég einnig leita eftir staðsetningu innan Reykjavíkur fyrir fimm stjörnu hótel með um 300 herbergjum og skrifstofum fyrir fyrirtæki mitt á Íslandi. Ég ætla að kaupa tvær til þrjár litlar flugvélar og koma á fót fyrirtæki fyrir útsýnisflug.

Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður aðrar hundrað milljónir Bandaríkjadala og er búist við því að þeim ljúki fyrir árið 2014.“

### Vill fullt samstarf við íslenska ríkið

*Vilt þú eiga Grímsstaði með íslenska ríkinu? Truflar það ekki áætlanir þínar á svæðinu?*

„Já, ég vil það. Hvert einasta skref sem ég tek mun verða samkvæmt íslenskum lögum. Og yfirvöld munu hafa yfirsýn yfir allar byggingaframkvæmdir sem ég hyggst ráðast í, til að hafa allt ferlið eins gagnsætt og mögulegt er og tryggja góðan árangur.“

*Ert þú bjartsýnn á að verkefni þitt á Grímsstöðum skili arði?*

„Ég tel að það muni taka um tíu ár fyrir verkefnin að skila arði, en þó ekki nóg til að fá fjárfestingarkostnaðinn til baka. Þó mun það efla samkeppnisstöðu mína í ferðamannaiðnaðinum á alþjóðlegum vettvangi, að Kína meðtöldu, og þar með auka hagnað minn.“



**HUANG NUBO** Nubo býst við því að heildarkostnaður við framkvæmdir hans á Íslandi nemi tæpum 25 milljörðum króna. NORDICPHOTOS/AFP

> Ég hef engan áhuga á vatnsréttindum í Jökulsá á Fjöllum og raunar er ég eindregið á móti virkjunum í þessari fallegu á, sem er ástæða þess að ég ætla að afsala mér vatnsréttindum.




**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is



AFS
AFS á Íslandi



## OPIÐ HÚS

**AFS-skiptinemasamtökin á Íslandi verða með opið hús, miðvikudag, kl. 17-19, í húsakynnum, samtakanna, Ingólfsstræti 3, Reykjavík. Allir, sem vilja forvitnast um skiptinemadvöl, sjálfboðaliðadvöl eða starfsemi okkar almennt, eru hvattir til að líta við og kynna sér það sem við höfum upp á að bjóða.**

AFS á Íslandi • Sími 552 5450 • www. afs.is

# FYRIR BAÐIÐ

## TILBOÐ!



**49.900** ALLT SETTIÐ

**P-029** Stærð: 100x50 sm



**23.840*** ALLT SETTIÐ

**P-7202** Stærð: 44x26 sm



**28.900*** ALLT SETTIÐ

**P-9042** Stærð: 50x26 sm



**27.700*** ALLT SETTIÐ

**P-7200** Stærð: 40x40 sm



**29.900*** ALLT SETTIÐ

**P-7197** Stærð: 55x32 sm

* Blöndunartæki fylgja ekki þessum innréttingum

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!



**39.900** ALLT SETTIÐ

**P-628** Stærð: 60x46 sm



**29.900** ALLT SETTIÐ

**Corner B** Stærð: 40x40 sm



**P-7195** Stærð: 46x46 sm

**32.900*** ALLT SETTIÐ

## VERSLIÐ ÞAR SEM ÚRVALIÐ ER OG VERÐIÐ HAGSTÆTT!

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332   i-t@i-t.is

20% afsláttur af Vitabiotics vítamínum í Lyfjum & heilsu

afslátturinn gildir til 30. september 2011



VITABIOTICS VÍTAMÍNLÍNAN
fæst í öllum verslunum Lyfja & heilsu

Finndu það vítamín sem hentar þér
og þú færð öll næringarefni sem þú þarfnast.

Kynntu þér vítamínin nánar á Vitabiotics síðunni á Facebook.

VITABIOTICS

Lyf & heilsa
við hlustum!


# Býr einn í yfirgefnu þorpi á hættusvæði

**Naoto Matsumura neitar að yfirgefa bæinn sinn í Japan þrátt fyrir hættulega geislamengun frá ónýtu kjarnorkuveri. Hann veiðir sér fisk í matinn og sinnir dýrunum sem skilin voru eftir. Stjórnvöld láta hann að mestu afskiptalausan.**



**Á FERÐ UM EINSKISMANNSLAND** Naoto Matsumura lítur eftir hrísgrjónaakri sínum. Hundurinn Aki er með í för. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**YFIRGEFINN BÆR** Í Tomioka bjuggu sextán þúsund manns áður en hamfarirnar urðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**JAPAN, AP** Sextán þúsund manns bjuggu í bænum Tomioka áður en jarðskjálftinn mikli reið yfir í mars síðastliðnum. Nú býr þar einn maður ásamt hundi sínum. Naoto Matsumura neitar að yfirgefa þorpið þrátt fyrir geislamengun frá ónýtu kjarnorkuveri.

„Ef ég gefst upp og fer þá er öllu lokið,“ segir hinn 53 ára gamli hrísgrjónabóndi, sem daglega hugar að hrísgrjónaakri sínum eins og hann hefur gert áratugum saman. „Ég hef þá ábyrgð að vera hér áfram. Og það er réttur minn að fá að vera hér áfram.“

Matsumura segist óneitanlega hafa gert sér grein fyrir því að veruleg krabbameinshætta fylgi því að búa þarna. Hann vill samt ekki fara burt.

Óvenjulegt er að Japanar standi gegn valdboði með þessum hætti. Afstaða hans lýsir þó vel þeim vanda sem fjölmargir íbúar nokkurra bæja á þessum slóðum standa frammi fyrir.

Meira en hundrað þúsund manns var skipað að yfirgefa heimili sín vegna hættunnar frá kjarnorkuverinu í Fukushima, sem eyðilagðist í náttúruhamförunum í mars. Bærinn Tomioka er innan þess svæðis sem rýma þurfti vegna hættu á geislamengun.

Matsumura hefur hvorki vatn né rafmagn í húsi sínu, en nær sér þó í vatn í brunn og notar gamla rafala til að fá rafmagn á kvöldin.

Hann borðar mikið af dósamat en veiðir einnig fisk í ánni sem rennur þar hjá. Einu sinni eða tvisvar í mánuði fer hann á bifreið sinni til næsta bæjar fyrir utan hættusvæðið og nær sér í helstu nauðsynjar.

Hann segist hafa tekið að sér að hugsa um flækingshunda og ketti sem fólk skildi eftir í yfirgefnum bænum.

Stjórnvöld skipta sér samt lítið af Matsumura, þótt hann hafi ekkert leyfi til að búa þarna lengur. Hann segir lögregluna reyndar nokkrum sinnum hafa bankað upp á en aldrei þvingað hann til að fara með sér.

Hann ætlaði að fara burt eins og hinir, en fann hvergi samastað og ákvað þá að halda kyrru fyrir.

„Ég fór heim til frænku minnar í von um að fá að gista,“ segir hann. „En hún vildi ekki hleypa mér inn, óttaðist að af mér stafaði geislamengun. Þá fór ég í neyðarskýli, en þar var allt fullt. Þetta nægði til að sannfæra mig um að koma aftur heim.“

gudsteinn@frettabladid.is


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SJÓNVARP

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir


SA standa við gagnrýni á ræðu forsætisráðherra:

# Segja Jóhönnu ekki fara rétt með tölur

**ATVINNULÍF** Samtök atvinnulífsins (SA) segjast standa við fullyrðingar sínar um að Jóhanna Sigurðardóttir hafi farið með rangt mál í ræðu sinni á þingi síðastliðinn föstudag. Hún sagði þar að „hlutur launa í landsframleiðslunni hefði aldrei verið lægri en nú eða um 59% samanborið við yfir 72% árið 2007“ og var þannig að leggja áherslu á að fyrirtækin mættu ekki velta launahækkunum út í verðlagið. SA véfengdu þessar tölur og sögðu Jóhönnu þar fara rangt með hugtök.

Í tilkynningu frá SA segir að þrátt fyrir að forsætisráðuneytið hafi upphaflega svarað gagnrýninni með því að vísa í tölur frá Hagstofunni, breyti það því ekki að Jóhanna hafi farið rangt með, og þær tölur sem hún vísaði til hafi átt við vergar þáttatekjur, ekki landsframleiðslu. Hlutur launa í landsframleiðslu hafi í raun margoft verið lægra, eða alls 17 sinnum frá árinu 1980.

Þá segir í tilkynningu SA að val forsætisráðuneytisins á árinu 2007 sem viðmiði sé óheppilegt þar sem það ár hafi íslenskt atvinnulíf ekki verið samkeppnishæft vegna ofurstyrks krónunnar. Árið 2007 geti ekki verið „grundvöllur upplýstrar umræðu um stöðu atvinnulífsins.“ - þj



**DEILA Á FORSÆTISRÁÐHERRA** Samtök atvinnulífsins segja Jóhönnu Sigurðardóttur ekki hafa farið með rétt mál í ræðu sinni á þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Athugið!
Umsóknarfrestur er til 15. september 2011

Tækniþróunarsjóður
Kynningarfundur 8. september

**Tækniþróunarsjóður boðar til opins kynningarfundar í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, fimmtudaginn 8. september kl. 8:30 - 10:00**
**í tengslum við umsóknarfrest 15. september nk.**

Starfsmenn Rannís fjalla um umsóknar- og matsferli sjóðsins og svara fyrirspurnum. Einnig verður kynnt markáætlun á orku- og umhverfissviði, menntasviði og heilbrigðissviði, með umsóknarfrest 1. nóvember nk.

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins, stýrir fundinum. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr 75/2007. Sjóðurinn, sem er í vörslu Rannís, fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Tækniþróunarsjóður
IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM. EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Óeigingjarnt framlag einstaklinga skiptir sköpum í rekstri kvennaathvarfa.

## Grasrótarstarf léttir ríkinu róður

Á Íslandi eru færri kvennaathvörf en þekkist í nokkru landi sem við viljum bera okkur saman við. Á þetta benti Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, í grein hér í Fréttablaðinu á laugardaginn. Tilefni greinar Guðrúnar var þau tímamót að Stígamót hafa opnað annað kvennaathvarfið á Íslandi; athvarf sem býður velkomnar konur á leið úr klámiðnaði, vændi og mansali. Fyrir er eitt athvarf sem starfað hefur hátt á þriðja áratug og miðar starf sitt við að þjóna konum sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum og börnum þeirra, en dyr þess athvarfs hafa einnig staðið öðrum konum í margvíslegum vanda opnar.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Fjársöfnun Skottanna á síðasta ári gerði Stígamótum kleift að opna þetta nýja athvarf sem að hluta byggir reksturinn á vinnuframlagi sjálfboðaliða.

Rekstur Samtaka um kvennaathvarf á Kvennaathvarfinu byggir einnig á framlagi óeigingjarnra kvenna og karla. Vegna þessara framlaga, í fjáröflunarátaki í upphafi og jafnt og þétt gegnum árin, er Kvennaathvarfið rekið í eigin húsnæði sem þýðir verulega lægri rekstrarkostnað en raunin væri ef leigja þyrfti húsnæði undir starfsemina.

Fjárstuðningur einstaklinga og fyrirtækja ásamt vinnuframlagi sjálfboðaliða er þannig og verður lífæð beggja þessara athvarfa sem bæði halda úti na uðsynlegri þjónustu, auk þess sem Stígamót hefur í rúma tvo áratugi veitt konum og körlum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi þjónustu og Kvennaathvarfið veitir einnig konum í ofbeldissamböndum eða á leið úr þeim þjónustu þó að þær dvelji ekki í athvarfinu.

Framlag þessa óeigingjarna fólks gerir að verkum að kostnaður bæði ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við konur, og eftir atvikum karla, sem verða fyrir ofbeldi er mun lægri en ella væri.

Mikilvægi starfsemi Stígamóta og Kvennaathvarfs er óumdeilt. Hvarvetna innan velferðarkerfisins er borin virðing fyrir starfi samtakanna og lögð áhersla á mikilvægi þeirra. Síður en svo er dregið úr kröfum til þjónustunnar, þvert á móti aukast þær heldur í takt við tímann. Þar má nefna þjónustu við konur á leið úr mansali sem fáum öðrum en þeim sem gleggst þekktu til datt í hug að yrði nokkurn tíma íslenskur raunveruleiki og þjónustu við börn sem búið hafa við ofbeldi á heimili, auk túlkaþjónustunnar sem þarf að koma til þegar konur sem ekki tala íslensku nota þjónustu þessara kvennasamtaka.

Þrátt fyrir að kvennaathvörf séu hér færri en annars staðar og að framlög einstaklinga bæði með fé og starfi dragi úr þörf þeirra fyrir framlag frá opinberum aðilum þá þurfa bæði samtökin stöðugt að berjast fyrir því að halda fjárframlögum í horfinu milli ára. Það er umhugsunarefni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

ÆGIR

TILBOÐ 849.000,-kr.



ÆGISVAGN

Tilboð kr. 849.000

(fullt verð kr. 1.279.000)

Erum að selja leiguvagna frá því í sumar, allt 2011 vagnar með fortjaldi og yfirbreiðslu

KÍKTU VIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP

TAKMARKAÐ MAGN

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fagnaðarfundir

Eftir brotthvarf Þórunnar Sveinbjarnardóttur af Alþingi er Magnús M. Norðdahl fyrsti varaþingmaður Samfylkingarinnar í Kraganum. Magnús hefur verið óþreytandi í gagnrýni sinni á Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra. Í grein sem hann skrifaði í febrúar líkti hann stjórnarháttum hennar við stjórn Davíðs Oddssonar, sem er mikið skammaryrði hjá vinstrimönnum. Um yfirlýsingu hennar um pólitískar ákvarðanir sagði hann: „Jafn vitlausa og löglausa yfirlýsingu hafa fáir ef nokkur íslenskur ráðherra látið frá sér fara“ og svo krafðist hann afsagnar hennar eða afsökunarbeiðni. Líklega verða fagnaðarfundir með þeim á þingi, komi Magnús þangað inn.



### Ekki ferðaþjónustu takk

Vinstri grænum er stundum legið á hálsi fyrir að vera á móti öllu. Flokkurinn er ötull gegn virkjunum og hefur oftar en ekki haldið ferðaþjónustu á lofti sem valkosti. Nú vill kínverskur maður efla ferðaþjónustu, en forysta flokksins ekki. Líklega styður flokkurinn bara ferðaþjónustu bænda.



### Löggjafarvald ráðherrans

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur sagt um áform Kínverjans að þau séu ólögleg. Hann megi einfaldlega ekki kaupa Grímsstaði á Fjöllum. Við það er margt að athuga, sérstaklega það að ráðherrann hefur samkvæmt lögum heimild til að veita undanþágu og ráðherrar hafa reyndar oft gert það. Við þann gjörning ráðherrans verða kaupin lögleg. Þau eru ekki ólögleg fyrr en reynt er að láta þau fara fram án undanþágunnar. Ráðherrann ræður hvort kaupin eru ólögleg eður ei.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Aukin menntun stúlkna ávöxtur þróunarsamvinnu

Þróunarsamvinna ber ávöxt



Bjarni Gíslason

Hjálparstarf kirkjunnar



Karl Jónas Gíslason

Kristniboðssambandið

Kristniboðssambandið hefur undanfarin ár verið með lestrarverkefni meðal Dasentsmanna í Suður-Eþíópíu. Verkefnið hófst á því að búa til kennslubók á tungumál þjóðflokksins og handbók handa kennurum. Því næst var hafist handa við sjálfa kennsluna. Einn aðalmarkhópurinn í þessu verkefni er stúlkur og konur. En skólaganga stúlkna á svæðinu er mjög takmörkuð og jafnvel engin. Grundvöllur allra framfara og jafnréttis er menntun. Hornsteinn menntunar er lestrarkunnátta og því gefur það augaleið hversu mikilvægt þetta verkefni er.

Rúbite er ung stúlka. Hún kann að lesa og hefur lokið 4. bekk. Í dag er hún kennari innan þessa verkefnis. Hún vill að stúlkurnar í sínu þorpi fái tækifæri til að mennta sig og tekur þátt í vinnu við að búa til fræðslurit um til dæmis HIV-veiruna og næringarfræði, á sínu tungumáli. Stúlkum sem áður voru „bara húsmæður“ opnast dyr til menntunar og framfara. Þær fá jafnvel tækifæri til að stunda nám við háskóla, verða til dæmis kennarar eða hjúkrunarfræðingar. Nokkuð sem fyrir örfáum árum var algjörlega óþekkt. Fræðsla og menntun bætir líf þeirra á svo margan hátt.

Ein af ástæðum þess að stúlkur víða í Afríku fá ekki að ganga í skóla er að það er hlutverk þeirra að vinna flest erfiðustu verkin eins og að sækja vatn. Ef langt er að fara að sækja vatn, sem þarf að gera daglega, fer mikill tími í það og þar með ekki möguleiki að fara í skóla sem er á sama tíma. Þetta er vítahringur vatnsskorts. Brunnur í nánasta umhverfi rýfur þennan vítahring og gefur stúlkum tækifæri til skólagöngu. Menntun hefur síðan keðjuverkandi áhrif sem síðar meir geta breytt hugsunarhætti til meira jafnréttis kynjanna. Vatn er því ekki bara vatn heldur menntun fyrir stúlkur og meira jafnrétti! Þetta staðfesti 12 ára stúlka í þorpinu Mandalika í Malaví þar sem Hjálparstarf kirkjunnar er með vatnsverkefni. Hún tjáði okkur að eftir að brunnur var settur upp við þorpið taki svo stuttan tíma að sækja vatn að hún gat hafið skólagöngu.

Þróunarsamvinna ber góðan ávöxt!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Um lög og lögskýringar

HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT



Róbert Spanó
prófessor og forseti lagadeildar HÍ

## I. Gagnrýni á lög og lögfræðinga

Í þjóðfélagsumræðunni hefur að undanförnu borið á gagnrýni á lögin og störf lögfræðinga. Dómarar hafa sætt ámæli fyrir að stunda pólitík klædda í lögfræðilegan búning og verið sakaðir á stundum um óhóflegan „formalisma", eins og t.d. þegar Hæstiréttur ógilti kosningar til stjórnlagaþings í janúar sl. Þegar málsúrslit hafa hins vegar átt upp á pallborðið hjá almenningi, og einkum hjá þeim sem hæst hafa haft í umræðunni, þá eru dómarar lofaðir fyrir störf sín. Dæmi um þetta eru gengisdómar Hæstaréttar frá því í júní og september 2010.

Sú gagnrýni sem fram hefur komið á lögin og lögskýringar dómstóla virðist endurspegla þann skilning að við túlkun laga skuli dómarar ávallt markvisst stefna að niðurstöðu sem telst skynsamleg, sanngjörn og réttlát. Ef túlkun laganna leiði til slíkrar niðurstöðu hljóti aðferðin sem notuð er að vera rétt. Ef niðurstaðan virðist hins vegar óskynsamleg og óréttlát verði sá dómari sem að henni kom talinn „formalisti", aðhyllast „lagahyggju", vera „lögtæknir" eða horfa fram hjá „anda laganna". Hann láti þannig réttlætið með öðrum orðum víkja fyrir lagabókstafnum. En er þetta réttur skilningur á lögunum og beitingu þeirra í framkvæmd? Í þessari grein verður leitast við að varpa örlitlu ljósi á það verkefni að túlka lög sem Alþingi hefur sett.

## II. Hvernig er rétt að túlka lög sem Alþingi setur?

Þegar spurt er, hvernig er rétt að túlka lög sem Alþingi setur, verður að halda því til haga að við því er ekkert einhlítt svar.

Mikilvægt er að gera fyrst grein fyrir því hvað verið er að túlka. Lög sem Alþingi setur fela í sér skrifleg fyrirmæli þingmanna sem hafa í kosningum fengið vald til að segja okkur hinum fyrir verkum. Ólíklegt er hins vegar að þingmenn hafi mótað sér afstöðu til þess hvernig ber að túlka þau lög sem deilt er um í þorra þeirra mála sem rata á fjörur dómstóla. Fjölbreytileiki mannlífsins er slíkur að þingmenn geta ekki séð öll tilfelli fyrir. Lögfræðin hefur því m.a. það hlutverk að gera grein fyrir þeim aðferðum sem heimilt er að nota þegar svo háttar til.

Texti lagaákvæðis, sem viljayfirlýsing þjóðkjörinna þingmanna, hlýtur að vera útgangspunkturinn þegar lagt er mat á það hvaða regla gildir. Ekki má þó túlka lagaákvæði bókstaflega og þá án tillits til þess samhengis sem það er hluti af. Heildarmat á samhengi lagaákvæðis verður ávallt að eiga sér stað. Verður eftir atvikum að horfa til upplýsinga um þingmeðferð lagafrumvarpa, til annarra lagaákvæða, skoða sögulega þróun löggjafar á hlutaðeigandi sviði og dómaframkvæmd. Einnig verður að hafa í huga að við samþykkt laga er jafnan verið að stefna að tilteknu markmiði, þ.e. að veita mönnum rétt, kveða á um skyldu þeirra, mæla fyrir um boð og bönn. Verður því að hafa markmið lagaákvæðisins að leiðarljósi ef það er á annað borð hægt að staðreyna hvert það er innan marka lagatextans.

Ekki má þó gleyma því að lög sem Alþingi setur eru gjarnan niðurstaða pólitískrar málamiðlunar. Lög kunna þannig að stefna að fleiri en einu markmiði. Ekki er heldur víst að markmiðin gangi öll í sömu átt. Það getur verið harla vandasamt að leysa úr ágreiningi um merkingu laga þegar svo háttar til. Dómarar verða þá að passa það að ljá ekki einu markmiði of mikið vægi á kostnað annarra sem lögin kunna að stefna að. Sem dæmi má nefna að einn megintilgangur laga um kosningar til stjórnlagaþings var sá að þjóðin fengi að kjósa þá einstaklinga sem hefðu það verkefni að gera tillögur að nýrri stjórnarskrá. En það var jafnframt eitt af markmiðum laganna að kosningarnar yrðu leynilegar. Þau markmið gátu eftir atvikum leitt til mismunandi niðurstöðu eins og ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu kosninganna ber með sér. Í þessu kann að felast töluvert svigrúm dómara til mats. Undan því verður hins vegar ekki vikist þegar um er að ræða túlkun laga sem menn hafa sett til að hafa áhrif á breytni manna og skipulag í samfélagi þeirra.

> Þegar spurt er, hvernig er rétt að túlka lög sem Alþingi setur, verður að halda því til haga að við því er ekkert einhlítt svar. Mikilvægt er að gera fyrst grein fyrir því hvað verið er að túlka.

## III. Hvað er átt við með „anda laganna"?

Þegar talað er um anda laganna er gjarnan óljóst við hvað er átt. Ef skírskotað er til þess að það sé ávallt hlutverk dómara að skapa reglu sem er skynsamlegust og réttlátust þá er í reynd verið að krefjast þess að dómarar taki sér löggjafarvald. Það er hlutverk Alþingis að setja lög og þar gerum við borgararnir þá kröfu til þingmanna að þær reglur séu jafnan skynsamlegar og sanngjarnar. Hafi það tekist er það stjórnskipulegt hlutverk dómara að ljá lögunum slíka merkingu við túlkun þeirra. Hafi þar skort á er það ekki hlutverk dómara að laga lögin að persónulegum skoðunum þeirra á því hvaða niðurstaða telst sanngjörnust og réttlátust.

Ekki er þar með sagt að dómarar eigi ekki að horfa fram hjá skynsamlegu og réttlátu mati á því hvaða lög skuli gilda í landinu. Dómarar verða oft að styðjast við ýmsar grundvallarreglur í réttarkerfinu sem byggja á sanngirnis- og réttlætissjónarmiðum, s.s. um meðalhóf og jafnræði, sem geta haft áhrif við túlkun laga.

Lagaákvæði eru auk þess oft orðuð með matskenndum hætti og gera stundum beinlínis ráð fyrir því að dómarar meti hvort sanngjarnt er að einstaklingur fái ákveðinn rétt eða beri ákveðna skyldu. Við slíkar aðstæður verða þeir að sinna skyldu sinni eftir bestu samvisku. Skiptir því verulegu máli að til dómarastarfa séu valdir einstaklingar með yfirgripsmikla þekkingu á lögunum og hafi einnig til að bera persónulega eiginleika sem hæfa starfi dómara.

## IV. Dómstólar verða að sæta málefnalegu aðhaldi

Þegar samfélag verður fyrir áfalli á borð við það sem við gengum í gegnum hina örlagaríku daga í október 2008 er ekki nema eðlilegt að samfélagsgerðin, þ. á m. réttarkerfið, sé tekið til endurskoðunar.

Engar stofnanir samfélagsins eru þar undanskildar, allra síst dómstólarnir sem þurfa á málefnalegu aðhaldi að halda. Til þess að gagnrýni á stofnanir samfélagsins nái tilgangi sínum og leiði til umbóta þurfa menn hins vegar að taka fullnægjandi tillit til þeirra forsendna sem kerfið byggir á.

AF GÆÐUNUM
ÞEKKIÐ ÞIÐ PALLAEFNIÐ
FRÁ VÖLUNDARHÚSUM





70 mm bjálki / Tvöföld nótun

Tilboð Gestahús 25 m²

kr. 1.689.000,- án fylgihluta
kr. 1.989.000,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

31.5 m² kr. 2.149.000,- án fylgihluta
36.0 m² kr. 2.229.000,- án fylgihluta
39.0 m² kr. 2.499.000,- án fylgihluta
Sjá nánar á heimasíðu www.volundarhus.is

Pallaefni, panill, girðingaefni, undirstöður, skrúfur og festingar á frábæru vor-tilboðsverði.
Sjá nánar á heimasíðu www.volundarhus.is



Garðhús og gestahús í úrvali á frábæru verði
Sjá nánar á heimasíðu www.volundarhus.is

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

VISA Lán
Staðgreiðslu lán

VH ehf · Njarðarbraut 11 · 260 Reykjanesbæ · Sími 864-2400 · Sími í verslun 527-2400

VH/11-05

# Á HELMIN
# VERÐI EN





GI LÆGRA
STÖÐ 2
NETFRELSI FYLGIR MEÐ ÁSKRIFT AÐ SKJÁEINUM
PAN AM
SkjárEinn býður þér vandaða dagskrá, einfald og auðskiljanlega verðskrá og svo geturðu horft á uppáhaldsþættina þína í SkjárEinn Netfrelsi þegar þér hentar. Áskrift að SkjáEinum kostar aðeins 3.490 kr. á mánuði meðan Stöð tvö er á 7.490.
Tryggðu þér áskrift í 595 6000, eða smelltu þér á skjareinn.is
Með áskriftinni færðu Netfrelsi og getur séð alla uppáhaldsþættina þína í fullum gæðum á netinu hvar og hvenær sem er.
SKJÁREINN Í SJÓNVARPINU
SKJÁREINN Í TÖLVUNNI
SKJÁREINN Í IPADINUM
SKJÁREINN Í SÍMANUM
SKJÁREINN AÐEINS 3.490 KR. Á MÁNUÐI
EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP
ENNEMM / SÍA / NM47993

# tímamót

timamot@frettabladid.is



68 **ROGER WATERS**, aðalsprauta Pink Floyd, er 68 ára

*„Ég leit alltaf á bækur í forundran yfir því hvernig nokkur gat komið frá sér svo mörgum orðum, en skilnaðurinn og það að verða ástfanginn á ný hefur virkjað hæfni mína til að semja fleira en tónlist.“*

## Merkisatburðir

1914 Benedikt G. Waage, síðar forseti ÍSÍ, syndir fyrstur manna úr Viðey til lands, á tæpum tveimur tímum.

1928 Bandalag íslenskra listamanna stofnað til að styðja vöxt og viðgang íslenskra lista, gæta hagsmuna listamanna og efla samvinnu þeirra.

1943 Skurðaðgerð við brjósklosi í baki, sú fyrsta hér á landi, gerð þegar Snorri Hallgrímsson skar upp konu a Sjúkrahúsi Hvítabandsins í Reykjavík.

1944 Annar burðarstrengur Ölfusárbrúar slitnar og tveir bílar falla í ána. Báðir bílstjórar björguðust.

1952 Iðnaðarsýning opnuð í Reykjavík.

1984 Aðeins munar nokkrum metrum að tvær farþegaþotur rekist á eftir flugtak frá Keflavíkurflugvelli. Alls voru 403 manns um borð í þotunum.

**ÞETTA GERÐIST:** 6. SEPTEMBER 1997

## *Díana prinsessa til hinstu hvílu*

Opinber útför Díönu prinsessu af Wales fór fram þennan dag fyrir fjórtán árum. Hún hófst klukkan 9.08 að staðartíma í Lundúnum, þegar kirkjuklukkur hringdu til að gefa til kynna brottför líkfylgdar hennar frá Kensington-höll.

Líkkista Díönu lá á opnum byssuhestvagni sem lagði af stað frá heimili hennar í Kensington-höll og ók meðfram Hyde Park til St. James-hallar, þar sem lík Díönu hafði staðið í fimm daga áður en það var flutt til Kensington-hallar. Hvarvetna var flaggað í hálfa stöng og fylgdust konungsþegnar tárvotir með líkfylgdinni og ungum sonum Díönu sem gengu á eftir hestvagninum.

Díana var jarðsungin frá Westminster Abbey og lögð til hvílu í Althorp-kirkjugarðinum. Yfir 2.000 manns mættu í athöfnina í Westminster Abbey, en henni var sjónvarpað um allan heim. Jarðarför Díönu prinsessu fékk eitt mesta áhorf í sögu sjónvarpsútsendinga, en alls horfðu 38,8 milljónir Breta á útförina í sjónvarpi og yfir tveir milljarðar manna á heimsvísu.



AFREKSMAÐURINN JÓN ARNAR MAGNÚSSON: NÝÚTSKRIFAÐUR KÍRÓPRAKTOR

# MIÐLAR AF EIGIN REYNSLU

Jón Arnar Magnússon, tugþrautarkappi og um árabil einn fremsti íþróttamaður landsins, hefur undanfarin ár búið á Englandi þar sem hann nam við stærsta og þekktasta háskóla Evrópu í kírópraktorsfræðum, AECC, eða Anglo-European College of Chiropractic. Hann er nú fluttur heim, útskrifaður doktor í fræðunum með fimm ára nám að baki og hefur hafið störf sem kírópraktor á Kírópraktorstofu Íslands. Þar aðstoðar hann meðal annars aðra íþróttamenn sem þjást af meiðslum sem hann þekkir oft af eigin raun.

„Jú, þetta hafðist þótt maður hafi gert þetta á gamals aldri – að fara í nám. Það höfðu liðið einhver fjórtán ár frá því að ég hafði síðast setið á skólabekk og það má segja að ég hafi verið með höfuðverk fyrstu mánuðina af því að setja mig inn í enska fræðamálið en svo kom þetta nú. Enda snýst þetta auðvitað fyrst og fremst um rétt hugarfar,“ segir Jón Arnar en áhuginn kviknaði út frá hans eigin reynslu af meiðslum í íþróttunum.

„Maður reyndi auðvitað ýmislegt hnjask og ef maður lenti illa, hvort sem var í stangarstökki, langstökki eða hástökki, gat eitthvað gerst og þá var það yfirleitt kírópraktor sem hjálpaði til svo maður gæti haldið áfram keppni. Ég lenti í þessu nokkrum sinnum og við það kviknaði áhuginn. Maður sá hvernig íþróttamenn komust í gegnum keppnir og æfingar í tiltölulega heilu lagi með aðstoð kírópraktors.“

Jón Arnar segir kírópraktora þó ekki síður eiga erindi við fólk almennt. Stoðkerfið sé heild og meðan fólk sendi bílana sína í skoðun og olíuskipti megi það ekki gleyma eigin líkama. Kírópraktorsstofa Íslands sem Jón Arnar starfar hjá opnaði fyrir um ári í Sporthúsinu og Jón Arnar segir hana státa af stafrænum röntgentækjum, eina kírópraktorsstofan hérlendis með slík tæki. Þá séu myndirnar teknar af fólki standandi, þannig að fullt álag sé á liðina meðan myndað er og niðurstöður séu því afar nákvæmar.

„Annars finnst mér bara gaman að vera kominn heim og hlakka til að geta tekist á við hlutina með jákvæðni að leiðarljósi. Maður vissi ekki alveg í hvers konar aðstæður maður var að koma, miðað við hvað á hefur gengið. Svo verða einhverjir líka að koma aftur heim úr náminu. Það vill stundum gleymast að fólk býr við sömu vandamál erlendis og við búum við hér heima.“

Jón Arnar fylgist vel með ungu íþróttafólki og segist bíða spenntur eftir því að metin sín falli. „Til þess voru þau nú sett og ég vil bara að þau falli sem fyrst, þau mega ekki verða of gömul. Svo fær maður auðvitað fiðring í kringum heimsmeistaramótið.“



**VILL SJÁ GÖMLU METIN FALLA** „Til þess voru þau nú sett og ég vil bara að þau falli sem fyrst, þau mega ekki verða of gömul,“ segir Jón Arnar Magnússon, fyrrum tugþrautarkappi og nýútskrifaður kírópraktor. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

juliam@frettabladid.is




†

*Ástkær móðir okkar,*

**Dr. Sigríður Þóra Valgeirsdóttir**

Klapparstíg 1, 101 Reykjavík,

varð bráðkvödd á heimili sínu þann 3. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Dagmar Vala Hjörleifsdóttir**
**Sigríður Hjörleifsdóttir**
**Ingólfur Hjörleifsson**
**og fjölskyldur þeirra**



†

*Móðir mín, f.v. tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sylvía Þorsteinsdóttir**

hjúkrunarkona
áður til heimilis að Guðrúnargötu 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli föstudaginn 2. september. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 7. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkað en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Haraldur S Þorsteinsson**
**Sigrún Hv. Magnúsdóttir** **Stefán Hallgrímsson**
**Óskar Haraldsson**
**Erla Sylvía Haraldsdóttir** **Craniv A Boyd**
**Borgar Þór Bragason** **Freydís Kneif Kolbeinsdóttir**
**Þórunn Sylvía, Þórdís Birna, Ester.**



†

*Ástkær faðir okkar, sonur og bróðir,*

**Anton Ingimarsson**

verslunarstjóri,

sem lést á heimili sínu miðvikudaginn 31. ágúst, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju, laugardaginn 10. september kl. 14.

**Elva Rut Antonsdóttir**
**Ingimar Hrafn Antonsson**
**Ingimar Antonsson** **Gíslína Helgadóttir**
**Sigríður H. Ingimarsdóttir**
**Hjördís I. Ingimarsdóttir**
**Hafdís Elfa Ingimarsdóttir**
**Gylfi Ingimarsson**
**Ólöf Pálína Úlvarsdóttir**

Verslunin er lokuð í dag vegna útfarar
**Önnu Biering**

Blómatorgið Birkimel



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Elfa Ólafsdóttir**

Hraunbæ 150, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut laugardaginn 3. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigurður Guðni Sigurðsson**
**Ólafur Elfar Sigurðsson** **Snædís Valsdóttir**
**Svanborg Þórdís Sigurðardóttir** **Óttarr Ólafur Proppé**
**Sigrún Laufey Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Svavar Harðarson**

bifreiðarstjóri,
Fróðasundi 3, Akureyri,

er látinn.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Brynhildur Pálsdóttir**
**Gunnar Hörður Svavarsson** **Sigrún Rósa Kjartansdóttir**
**Páll Svavarsson** **Helga Björg Guðmundsdóttir**
**Ingunn Ósk Svavarsdóttir** **Sigurður Ingi Friðriksson**
**og barnabörn.**



**Heilsusíðan** hefur að geyma gagnlegar upplýsingar um glúteinlaust mataræði, lágkolvetnamataræði og candidamataræði. Þar er einnig fjöldi uppskrifta þar sem tekið er fram hvort þær henti tilteknu mataræði. Þær eru án hveitis og sykurs og hafa að geyma lágt hlutfall einfaldra kolvetna.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512

**NÝR SAUMLAUS - FRÁBÆR !**



Misty -fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

teg RHIANNON - fæst í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 9.850,-

Eirberg



**Æfingaboltar**
Bjóðum gott úrval æfingabolta í mörgum stærðum.
Henta vel í margskonar æfingar.
Verð frá: 2.980 kr.
sissel
Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
**BITAFISKUR**
-næring fyrir líkama og sál




**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

**Dáleiðslutæknirinn John Sellars hefur kennt dáleiðslu í Skotlandi en færir nú út kvíarnar til Íslands.**



# Kennir Íslendingum dáleiðslu

Enski dáleiðslutæknirinn John Sellars hélt diplómanámskeið í klínískri dáleiðslu hér á landi í vor. Það var sótt af læknum, hjúkrunarfræðingum og alls kyns fagfólki sem gat að því loknu notað dáleiðslu í starfi. Átta þátttakendur á diplómanámskeiðinu luku svo sérstöku námskeiði í dáleiðslu við þunglyndi í gær en það er aðferð sem Sellars hefur þróað síðustu ár og gefið góða raun.

„Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir okkur að þunglyndi sé faraldur 21. aldarinnar og hrjái einn af hverjum fjórum. Ég hef hjálpað fólki með reykingafíkn, áfengisfíkn og alls kyns fóbíur á yfir þrjátíu ára ferli. Ég hef oft verið beðinn um að meðhöndla þunglyndi en lengi vel var það talið of margslungið vandamál. Ég ákvað þó að reyna og lagðist í mikla rannsóknarvinnu. Ég prófaði mig áfram með hóp sjálfboðaliða og eru um það bil fimm ár síðan ég fór að nota aðferðina markvisst. Ég hef séð mikinn árangur og illa haldna sjúklinga með margar sjálfsvígstilraunir að baki ná bata. Margir hafa jafnvel hætt á lyfjum í samráði við sína lækna,“ segir Sellars.

Í stuttu máli segir hann dáleiðslu snúast um að komast að undirmeðvitundinni með því að skilja hana frá meðvitundinni. „Einungis 10 prósent af hugarstarfseminni á sér stað í meðvitundinni, allt hitt í undirmeðvitundinni. Þar er að finna alls kyns vana og ósjálfráð hegðun eins og að hjóla, synda og keyra. Stundum er þar líka að finna óæskilega hegðun og vana sem dáleiðslutæknirinn getur unnið með og fjarlægt. Þetta getur til dæmis verið sá vani að fá sér sígarettu þegar síminn hringir eða þegar kaffibollinn er tekinn í hönd. Með dáleiðslu er hægt að fá viðkomandi til að gera eitthvað uppbyggilegra,“ segir Sellars. Oftast dugir einn tími þegar um er að ræða fóbíur og fíkn en þegar kemur að þunglyndi þarf lengir tíma. „Þá er bæði unnið með þætti úr fortíðinni sem gætu komið því af stað og leiðir til að koma í veg fyrir að taki sig upp aftur. Við lítum að vissu leyti á þunglyndið sem vana og viljum ekki að fólk leiti þangað ef eitthvað kemur upp á í lífinu heldur finni sér uppbyggilegri farveg.“

;FRAMHALD | 2

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

## NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2011

**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda - framhalds – og talæfingaflokkum
ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA

**Íslenska fyrir útlendinga I - IV**
10 vikna námskeið
60 kennslustundir

**Icelandic for foreigners I - IV**
10 weeks courses
60 class hours

**Kurs jezyka islandzkiego dla obcokrajowcow I - IV**
Kurs10-tygodniowy
60 godzin lekcyjnych

**Verklegar greinar**
Bókband
Frístundamálun
Silfursmíði
Skrautritun
Trésmíði
Útskurður

**Tölvunámskeið**
Fingrasetning
Tölvunám I
Tölvunám II

**Prjón og Hekl**
Prjónanámskeið
Frágangur á prjóni
Hekl

**Saumanámskeið**
Fatasaumur/ Barnafatasaumur
Skrautsaumur
Baldering
Skattering
Þjóðbúningur - saumaður

**Matreiðslunámskeið**
Gómsætir bauna – pasta – og grænmetisréttir
Frönsk matargerð heimilismatur með suðrænu ívafi
Ítölsk matargerð
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn

**Garðyrkjunámskeið**
Matjurtagarðurinn
Ræktun ávaxtatrjáa

**Förðunarnámskeið**
Förðunarnámskeið
Að farða sig og aðra

*Auktu við þekkingu þína og möguleika á skjótan og skemmtilegan hátt í Kvöldskóla Kópavogs*

**Ath. Starfsmenntunarsjóðir ýmissa stéttarfélaga styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs.**

Innritun og upplýsingar: **http://kvoldskoli.kopavogur.is og í síma 564 1507**



**Eldri konur** sem borða dökkt súkkulaði einu sinni til tvisvar í viku draga úr hættu á hjartaáfalli um þriðjung. Að borða súkkulaði á hverjum degi hefur hins vegar ekki þessi jákvæðu áhrif, samkvæmt nýlegri bandarískri rannsókn. Heimild: www.bbc.co.uk


Haustvörurnar komnar. Útsölulok



BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770



Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is


Framhald af forsíðu



Sellars segir Íslendinga opna fyrir dáleiðslu og sér fyrir sér að Ísland geti orðið miðstöð fyrir dáleiðslukennslu.

Síðasta rúman áratug hefur Sellars kennt dáleiðslu meðfram því að bjóða upp á meðferð. „Á námskeiði sem ég hélt í Skotlandi í fyrravor var Íslendingur sem bað mig að koma til Íslands og halda sams konar námskeið. Ég sló til og komst að því að Íslendingar, bæði fagfólk og almenningur, eru sérstaklega móttækilegir fyrir nýjungum eins og þessum.

Mér hefur verið boðið að halda námskeið víða um heim en er að velta því fyrir mér hvort Ísland geti ekki orðið miðstöð fyrir kennslu í þessum fræðum, því nú þegar er ég búinn að þjálfa upp færa dáleiðslutækna sem gætu jafnvel aðstoðað mig við kennsluna. Mér er það mikil alvara með þessu að ég er þegar búinn að skrá mig á íslenskunámskeið í Háskóla Íslands,“ segir Sellars glaður í bragði.

Næsta diplómanámskeið byrjar 23. september (sjá http://4.is/dt) og gerir Sellars ráð fyrir því að halda annað námskeið í dáleiðslu við þunglyndi á Íslandi á næsta ári.

*vera@frettabladid.is*

# Þjálfun gerir mikið gagn

**Málþing um parkinsonsveiki verður haldið í Valsheimilinu á fimmtudaginn. Þar verður greint frá því helsta sem áunnist hefur í meðferð sjúklinga síðasta áratug. Meðal annars mun Andri Þ. Sigurgeirsson sjúkraþjálfari fjalla um góð áhrif þjálfunar á parkinsonssjúklinga en hann varði mastersrannsókn sína í fyrra.**

Parkinsonsveiki er hrörnunarsjúkdómur í heila og kemur næst á eftir Alzheimer í algengi en um 500 til 600 manns þjást af parkinson á Íslandi á hverjum tíma. Af hverju taugafrumur í heila hrörna er enn óljóst en hrörnunin verður helst í kjörnum sem meðal annars hafa áhrif á hreyfifærni.

„Við á taugasviðinu á Reykjalundi höfum markvisst sinnt parkinsonssjúklingum í hópum frá árinu 1999. Við höfum aflað okkur þekkingar og reynslu á þessum tólf árum sem við viljum miðla til annars heilbrigðisstarfsfólks,“ segir Ólöf H. Bjarnadóttir, læknir á Reykjalundi, en Reykjalundur ásamt Taugalæknafélagi Íslands og GlaxoSmithKline stendur fyrir málþingi um parkinsonsveiki í Valsheimilinu á fimmtudaginn. Málþingið er ætlað heilbrigðisstarfsfólki.

Ólöf segir margt jákvætt hafa gerst í meðferð parkinsonsveiki undanfarna áratugi. „Fyrstu dópamínlyfin komu á markaðinn á sjöunda áratugnum. Þá gat fólk farið að hreyfa sig. Þá hefur orðið mikil þróun í aðgerðum auk þess sem vonir eru bundnar við ígræðslur og stofnfrumur sem þó eru enn á tilraunastigi,“ segir hún.

Ólöf segir einnig hafa komið fram síðustu fimmtán ár að parkinsonsveiki er mun flóknari sjúkdómur en áður var talið. Einkennin séu ekki aðeins í hreyfingum heldur séu einnig einkenni í sjálfráða taugakerfinu auk vitrænna og andlegra einkenna. „Þessu viljum við miðla á málþinginu auk þess sem við leggjum áherslu á þá staðreynd að hreyfing og öll þjálfun hefur góð áhrif á parkinsonssjúklinga og ýmislegt bendir til þess að þjálfun hafi einnig taugaverndandi áhrif á heilann.“

Einn fyrirlesara á málþinginu er Andri Þór Sigurgeirsson sjúkraþjálfari á Reykjalundi. Hann kynnti meistaraverkefni sitt í fyrra þar sem fram komu jákvæð áhrif mikillar þjálfunar á einkenni parkinsonsveiki.

„Parkinsonssjúklingar eiga það til að taka stutt skref. Við vildum athuga hvort mikil ganga með sjónrænum bendingum (þverlæg strik með millibili sem þarf að stíga yfir) gæti haft áhrif á skreflengd þeirra til lengri tíma,“ útskýrir Andri. Tveir hópar parkinsonssjúklinga þjálfuðu fjórum sinnum í viku í fjórar vikur. Annar með sjónrænum bendingum en hinn aðeins með hvatningu þjálfara. „Í ljós kom að sjónrænar bendingar höfðu ekki mikil áhrif en hins vegar hafði gönguþjálfunin ein og sér gríðarlega mikil áhrif á skreflengd og gönguhraða sem skiptir máli upp á göngufærni,“ segir Andri og telur niðurstöðuna mjög jákvæða því þetta staðfesti mikilvægi reglulegrar þjálfunar.

Hann jákvæð áhrif mikillar þjálfunar alltaf koma betur í ljós. „Sem dæmi eiga parkinsonssjúklingar til að tala lægra og raddstyrkurinn minnkar. Mikil þjálfun í að æfa þá að tala hátt hefur áhrif á raddstyrkinn og meira að segja sjást jákvæðar breytingar í heilanum og meiri virkni verður á svæðum sem voru skemmd,“ upplýsir Andri sem gerir ráð fyrir að það sama eigi við um líkamlega þjálfun. „Við sjáum það til dæmis hjá heilablóðfallssjúklingum að mikil þjálfun hefur einhver græðandi áhrif á heilann.„Við segjum stundum að lyfin séu númer eitt hjá parkinsonssjúklingum en að þjálfunin sé númer eitt og hálft.“

Nánari upplýsingar um dagskrá málþingsins má nálgast á reykjalundur.is.

*solveig@frettabladid.is*



Andri Þór Sigurðsson sjúkraþjálfari og Ólöf H. Bjarnadóttir læknir, bæði starfandi á Reykjalundi, munu bæði halda fyrirlestur á málþingi um parkinson á fimmtudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


TAI CHI

STYRKUR · JAFNVÆGI · SLÖKUN · FLÆÐI

10 vikna námskeið hefst 12. september að Hæðargarði 31

- **SÍÐDEGISTÍMAR**
  mánudaga og miðvikudaga kl. 17.30–18.45
  Leiðbeinendur: Svanlaug D. Thorarensen og S. Hafdís Ólafsdóttir
- **MORGUNTÍMAR** hefjast 4. október
  þriðjudaga og föstudaga kl. 9.00–10.00
  Leiðbeinandi: Guðný Helgadóttir



Hafdís
s. 861 5958
hafdis@slf.is



Svanlaug
s. 663 9103
svanlaugt@simnet.is



Guðný
s. 860 1921
dunnahelg@hotmail.com



LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**
*„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni“.*



*Martha Jensdóttir kennari.*

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**



ÍSLENSKT HUNDANAMMI

gott í þjálfun og í leik

VINSÆL VARA




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli




# jeppar

ÞRIÐJUDAGUR 6. SEPTEMBER 2011



## Stikað í sjálfboðavinnu

**Jeppaklúbburinn 4x4 stikaði þekktar leiðir á hálendinu um helgina.**

BLS. 2




NORDICPHOTOS/GETTY


Þaulreynd jeppadekk

- fyrir allar gerðir jeppa og jepplinga



- míkróskorin heilsársdekk
- slitsterk
- frábært veggrip
- neglanleg

Dick CEPEK TIRES & WHEELS



ARCTIC TRUCKS

Klettháls 3 - 110 Reykjavík - sími 540 4900 - www.arctictrucks.is



Um 700 stikur voru teknar með, þar af voru 640 notaðar. Tvo bíla þurfti til að flytja staflann og þarna er verið að að umstafla af „Jakanum“ yfir á kerruna.

# Hjálpa fólki að rata rétta leið

**Árleg stikuferð jeppaklúbbsins 4x4 var farin um nýliðna helgi. Þar hjálpuðust 35 manns að við að merkja ákveðnar leiðir á hálendi Íslands með stikum, samtals yfir hundrað kílómetra að lengd.**

Við stikuðum þekktar leiðir á hálendinu sem eru sums staðar illa sýnilegar í torfæru landslagi. Þátttakendurnir voru 35 á öllum aldri, duglegir og skemmtilegir.“ Þannig byrjar Sæbjörg Richardsdóttir, kölluð Didda, að lýsa vinnuferð jeppaklúbbsins 4x4 sem farin var um síðustu helgi. Hún segir varasamt að hafa hálendisleiðir illa merktar því þá geti myndast villuslóðar sem bæði geti afvegaleitt fólk og valdið skaða á landinu. „Stikurnar hjálpa fólki að rata rétta leið. Það er jákvætt fyrir alla,“ segir hún og bætir því við að klúbburinn greiði allan kostnað.

Didda er ein þeirra kvenna sem hafa gaman af jeppaferðum. Hún er formaður umhverfisdeildar 4x4 og sá um undirbúning stikuferðarinnar. „Fyrsta skrefið er alltaf að fá leyfi hjá sveitarfélögum, að þessu sinni hjá Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þar mættum við miklum skilningi. Vegagerðin er líka elskuleg og bjargar okkur stundum með endurskinsmerki til að setja á stikurnar. Við mætum ljúfmennsku hvar sem við komum,“ segir hún.



Didda nýlega komin heim úr stikuferðinni. „Ég er lítið fyrir að keyra með kerru aftan í þannig að ég var í farþegasæti í þessari ferð,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Áin Kisa var ljúf og malaði þegar bílarnir fóru yfir. En hún á líka til að hvæsa og setja upp kryppu, þannig að eins gott er að bera virðingu fyrir henni.

Leiðin sem stikuð var liggur upp með Þjórsá vestanverðri, um Gljúfurleit, framhjá Norðlingaöldu og inn Fjórðungssand að Hofsjökli. „Þetta er leið sem er talsvert ekin af 4x4 því inn við Hofsjökul á félagið skála sem heitir Setrið. Þangað eru um 80 kílómetrar frá Sultartanga,“ segir Didda. „Leiðin var stikuð fyrir nokkrum árum en allar stikur gefa eftir á endanum og við kjósum að hafa þær úr tré til að þær verði að jarðvegi þegar þær eyðileggjast. Við endurnýtum þær sem hægt er og síðan bætum við í skörðin.“

Næsti leggur var frá Setrinu í Kerlingarfjöll að sögn Diddu, en þar höfðu erlendir sjálfboðaliðar nýlega reist við stikur.

Eftir ljúffenga súpu hjá Kerlingarfjallabændum hélt jeppaflokkurinn niður á Hrunamannaafrétt þar sem merktir voru 12 til 15 kílómetrar í viðbót í Leppistungum. „Það var gott að hafa svona marga í þessari ferð, við vorum með fólk sem lagfærði veginn, fólk á járnkörlum, stikuhömrum og heftibyssum og mikil jákvæðni og vinnusemi ríkti í hópnum,“ segir Didda sem sjálf var í forystu flokksins og flutti stikurnar.

gun@frettabladid.is


# JEPPARAFGEYMAR



Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

# Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

## Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00






Meðal lestími í mínútum á hvert eintak*

FBL
MBL

# Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að **lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið.** Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.



Allt sem þú þarft...

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

CHEVROLET

# Pláss fyrir alla fjölskylduna ...og vinina líka!

Eigum bíla til afgreiðslu strax!

bílasamningur ergo

mánaðargreiðsla*
**67.115** kr.




Fáanlegur:
- Bensín
- Dísel
- Metan

## Nýr CAPTIVA

Bíll á mynd: Captiva LTZ með 19 tommu álflegum og öðrum aukahlutum. Verð eru háð gengi hverju sinni og geta breyst án fyrirvara.

**Meðal nýjunga í Chevrolet Captiva:**
- Nýtt útlit, minni eyðsla, minni mengun.
- Ný dísel vél, 184 hö, 400 Nm. **Frábær togkraftur.**
- Ný bensín vél, 167 hö, 230 Nm.
- 6 gíra sjálfskipting
- Allir sjö sæta

***ERGO Bílasamningur / 8,8% vextir / Óverðtryggður / Gullvild**
- Kaupverð **kr. 5.790 þús.** (bensín, leðursæti)
- Útborgun **kr. 1.737 þús.** (tökum bíla uppí)
- Mánaðargreiðsla **kr. 67.115** í 84 mán.
- Nánari upplýsingar og skilmálar á ergo.is

**Bensín 2,4 L - 167 hestöfl**
Captiva LT - 7 sæta - Tausæti
6 gíra beinskiptur
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 4.990 þús.**

**Bensín 2,4 L - 167 hestöfl**
Captiva LT - 7 sæta - Leðursæti
6 gíra sjálfskipting
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 5.790 þús.**

**Dísel 2,2 L - 184 hestöfl**
Captiva LT - 7 sæta - Tau/leðursæti
6 gíra sjálfskipting
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 6.290 þús.**

**www.benni.is**

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND
Bílabúð Benna
SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

**Opið alla virka daga frá 10 - 18 og laugardaga frá 12 - 16**

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



Allt aðrar reglur gilda um akstur á hálendi en á láglendi.

# Akstur á hálendinu

Akstur á hálendi Íslands lýtur öðrum lögmálum en akstur á láglendi, hvort sem um er að ræða akstur á bundnu slitlagi eða möl. Aðstæður á hálendi geta breyst hratt, vegir geta verið erfiðir yfirferðar og oft þarf að aka yfir ár.

Því gildir það enn frekar við ferðalög um hálendi að kynna sér vel aðstæður á því svæði sem ferðast á um og ekki síður að skilja eftir leiðaráætlun þar sem fram kemur hvert á að ferðast, hvar á að gista og önnur helstu atriði.

Á vefnum www.safetravel.is eru gefin nokkur góð ráð:

- Byrjaðu á því að kynna þér hvort búið sé að opna það svæði sem þú ætlar að ferðast um
- Kynntu þér vel svæðið sem ferðast á um til dæmis hjá Vegagerðinni og Veðurstofunni
- Upplýsingamiðstöðvar á svæðinu svo og land- og skálaverðir þekkja vel aðstæður
- Vertu viss um að þú hafir þá þekkingu og reynslu sem þarf til aksturs á hálendinu
- Fólksbílar eiga ekkert erindi á hálendi, næstum undantekningalaust þarf fjórhjóladrifna bíla
- Ef þú ert óviss með að aka yfir á, slepptu því þá eða bíddu aðstoðar næstu bifreiðar sem kemur.

**● HÆTTA FRÁ LAUSUM HLUTUM** Þótt ökumaður og farþegar séu í bílbeltum þá er hættan sú að lítill og að því er virðist sakleysislegur hlutur sem liggur laus í bílnum geti við árekstur orðið stórhættulegur. Dæmi eru um að kaffibrúsi, skjalataska og jafnvel nestisbox hafi við árekstur flogið af stað. Þegar slíkur hlutur lendir á fyrirstöðu verður höggþungi hans margföld vigt hans. Að fá slíkan hlut í höfuðið er vitanlega hættulegt. Fólk getur einnig slasast þegar gæludýr kastast til auk þess sem þau sjálf geta vitanlega orðið fyrir slysi. Til eru öryggisbelti fyrir dýr auk þess sem þau má geyma í búri. Oftast er hægt að koma í veg fyrir þessi slys með því að setja allt lauslegt í farangursgeymslu eða skorða það vel. Heimild: www.us.is



**● SPJALLAÐ UM JEPPA** Hið íslenska jeppaspjall á vefsíðunni www.jeppaspjall.is er vefur sem ætlað er að vera umræðuvettvangur jeppamanna á Íslandi, óháður bíltegund, reynslu, aldri, kyni og klúbbskírteini.

Þeir sem taka þátt í umræðum á netinu verða að skrá sig inn. Nýir notendur velja sér notendanafn en skrá einnig sitt rétta nafn sem er sýnilegt öðrum notendum. Þjónustan er öllum að kostnaðarlausu.



**● JEPPA- OG FERÐALAGASKÓLI** Ýmiss konar námskeið eru reglulega í boði fyrir jeppafólk í svokölluðum Jeppa- og ferðalagaskóla Arctic Trucks. Má þar nefna námskeið í notkun GPS-staðsetningartækja, fyrir byrjendur og lengra komna, en forsvarsmenn Arctic Trucks eru opnir fyrir hvers konar hugmyndum að hugsanlegum námskeiðum.

Nánari upplýsingar má nálgast hjá Arctic Trucks og á heimasíðu þeirra, jeppar.is. Þá er hægt að láta skrá sig á póstlista til að fá upplýsingar um námskeið sem kunna að vera á döfinni.






## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

Til sölu ný 44” DC Fun Country 15” , verð 380.000- . Einnig 2 gangar af 31” fyrir 15” . Upplýsingar Þórarinn s.864 0984 .

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum að byrja rífa Peugeot ‘02, Golf ‘98-’05, WV Passat ‘98-’00, Pajero ‘92-00 Accent ‘98. Grand vitara XL7 ‘03. Benz ‘88-’05, Landrover Discovery ‘98. Fiat Stilo ‘04 Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra ‘98, Baleno ‘98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru,Lanos,Galloper,H1,Santa Fe,Trooper,Freelander, Impreza 97,Baleno,Caddy 98-02,Polo 97-99,Matiz,Mondeo 98. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

Varahlutir í primera ‘98. Baleno Wagon ‘97. MMC Space Wagon ‘97, Kia Sephia ‘99, Yaris ‘00, Corolla ‘94 ,’98, Escord ‘98. Accent ‘95 & ‘97 & ‘98. Impreza ‘97 & ‘99. Legacy ‘96. Almera ‘98. Carina ‘97, Vento ‘97, Lanos ‘99, Elantra Wagon ‘97 og ‘99 Civic ‘99. Golf ‘95, Sunny ‘94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ‘03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Vantar 15 tommu felgur helst stál. Deiling 5/100. 6 cm stútur. Uppl. í s. 849 8276.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Tek að mér þrif í heimahúsum milli 9 og 16. Uppl. í s. 821 6184.

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum, er vön og vandvirk. Uppl. í s. 868 7283.

## Garðyrkja







**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900.- kr.
Ókeypis vírusvörn.
Nánar á: www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Vesturvör 32a • Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

PERFECT MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS!!!! 659 62 69

NEW!LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWNTOWN REYKJAVIK!Anytime 899 5836 Alisia

Whole body massage. S. 849 5247.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727

Stella.

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

## Skemmtanir

Trúarleg tónlist youtube.com leitarorð marel1939

## Rafvirkjun




Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

## Önnur þjónusta



**Green-house**
**ERUM FLUTT!**
Nýju haustvörurnar eru komnar. Opið í dag 10-14. Frír bæklingur og þrjá flíkur á verði tveggja af eldri vöru. Green-house Móaflöt 25, Garðabær.

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Nuddpottar fyrir hitaveitu! Á. Óskarsson ehf. www.oskarsson.is S. 566-6600



Rýminggarsala á skrifstofuhúsgögnum í útibúi Arion banka í Grafarvogi. Skrifborð, hillur, stólar ofl. Opið 7 og 8 sept frá 12:30 til 18 báða daganna. Uppl í síma 856 1488 eða á www.landsel.is



**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer. Örfá stk eftir.

Eigum nokkur stk. Viðgerðarmaður setur þær í fyrir þig. Tilboð núna með birgðir endast. 18.900 krónur. City Runner S: 567 1040 Laugarvegur 168

**Notuð húsgögn**
Frystiskápur 180 cm, 3ja sæta sófi, ný latex dýna 93 x 203 cm, skápasamstæða glerskáp og ljósi295 cm, hægindastóll, 2 ódýr reiðhjól og tölvuborð. S. 892 0807.

Ísskápar á 20 - 30 þ. Þvottavélar á 20 - 30 þ. Þurrkarar á 20 - 30 þ. Eldavél 60 cm á 25. þ. Gasgrill á 5 þ. Uppþvottavélar á 20 þ. Borðuppþvottavél á 25 þ. Video á 5 þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Verslun

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120




Dúndur útsala á fatnaði. Jakki 6.000 kr. Topreiter Ögurhvarf 2, Kópavogi. S. 565 5151.


# NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR

Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

**Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísi, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.**

Frá
Reykjavík
Til
Brottför
01.09.11
Til Baka ☑
08.09.
Leita



dohop
vísir
Meiri Vísir.

AFMÆLI



**SVERRIR STORMSKER** Tónlistarmaður er 48 ára



**FRÚ DÓRA ÞÓRHALLSDÓTTIR** Er 64 ára



**ERLA STEFÁNSDÓTTIR** álfasérfræðingur er sjötíu og sex ára.



**ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR** píanóleikari er fimmtíu og þriggja ára.



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Lilja Gísladóttir**

áður til heimilis að Sunnubraut 5, Keflavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi laugardaginn 27. ágúst sl., verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 8. september. n.k. kl. 13.00.

**Ingibjörg Magnúsdóttir** **Lárus Ólafur Lárusson**
**Kristín G. Magnúsdóttir** **Eyjólfur Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kristjana Gísladóttir**

Eyrarholti 6, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 29. ágúst. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 8. september kl. 13.00.

**Magnús Haraldsson**
**Gísli Þór Magnússon** **Kristín Sæmundsdóttir**
**Borghildur Kristín Magnúsdóttir**
**Pétur Már Gíslason og Hildur Una Gísladóttir**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Pálsson**

Grænlandsleið 31,

lést í faðmi fjölskyldunnar fimmtudaginn 1. september á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi.
Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju fimmtudaginn 8. september kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð hjartveikra barna s. 552 5744 www.neistinn.is

**Erna S. Sigursteinsdóttir**
**Kristín Kristjánsdóttir** **Hákon Hákonarson**
**Fríða Kristjánsdóttir** **Gunnar Jóhannsson**
**Sigursteinn Kristjánsson** **Gunnhildur B. Ívarsdóttir**
**Jóhanna Fríða Kristjánsdóttir** **Anders Friberg**
**Kristján Kristjánsson** **Hrönn Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**LEIÐIR SKOÐAÐAR** Á námskeiðinu verður meðal annars farið yfir hvernig leysa megi úr ágreiningsmálum fjölskyldunnar.

# Örnámskeið í samskiptum

Uppeldisaðferðir foreldra og velferð barna og unglinga er yfirskrift örnámskeiðs sem haldið verður annað kvöld í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð.

Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, stendur fyrir námskeiðinu og verða samskipti foreldra og barna þar í brennidepli. Einkum verða vænlegar leiðir skoðaðar fyrir foreldra við að hlúa að margvíslegum þroska barna sinna og hvernig leysa megi úr ágreiningsmálum.

Sigrún hefur haldið fjölmarga fyrirlestra um uppeldi og menntamál og er meðal annars höfundur bókarinnar Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar. Fyrirlesturinn hefst klukkan 20 í stofu H-101.

**- jma**

# Útivistarsvæði Ólafsvíkinga

Grunnur var lagður að framtíðarútivistarsvæði bæjarbúa í Ólafsvík um síðustu helgi þegar skrifað var undir samning milli Skógræktarfélags Ólafsvíkur og Snæfellsbæjar um landgræðsluskóg við bæinn. Undirritunin var í tengslum við aðalfund Skógræktarfélags Íslands 2011 sem var haldinn í Grundarfirði.

Aðalfundurinn sendi stjórnvöldum ályktun um að endurskoða lög og reglur um lausagöngu búfjár og ábyrgð á búfénaði með tilliti til breyttra búskaparhátta og fjölbreyttari starfsemi í sveitum landsins. Einnig beindi hann því til stjórnvalda að láta af hendi eyðijarðir í eigu ríkisins, eða svæði úr þeim, til skógræktarfélaga, til eignar eða umsjónar. Skógræktarfélag Eyrarsveitar var gestgjafi aðalfundarins að þessu sinni. Hann sóttu á annað hundrað fulltrúar félaga alls staðar að af landinu. Meðal atriða var skoðunarferð um skógarreiti á Snæfellsnesi og í einum þeirra fór fyrrgreind undirritun fram.

**- gun**



**HANDABÖND** Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Kristjana Hermannsdóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar, og Magnús Eiríksson, formaður Skógræktarfélags Ólafsvíkur. MYND/BRYNJÓLFUR JÓNSSON.



**UNDIRRITUN** Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs, og Guðrún Þórðardóttir, formaður Áss styrktarfélags. Fyrir aftan þær standa Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Áss og Guðríður Arnardóttir, formaður bæjarráðs Kópavogs.

# Eflir vald íbúanna

Samningur um þjónustu við fimm fullorðna, fatlaða einstaklinga sem búa að Kastalagerði 7 í Kópavogi var undirritaður í gær af hálfu Kópavogsbæjar og Áss styrktarfélags. Að því búnu buðu íbúar Kastalagerðis til kaffisamsætis á heimili sínu. Í samningnum er kveðið á um að þjónustan við íbúana í Kastalagerði skuli vera einstaklingsbundin og sveigjanleg. Hún efli vald fólksins yfir aðstæðum sínum og lífi, styrki félagslega stöðu þess, sjálfsvirðingu og lífsgæði.

Kópavogsbær tók sem kunnugt er yfir málefni fatlaðs fólks um áramótin og samningurinn við Ás styrktarfélag er liður í því ferli. Hann gildir til ársloka 2014 en er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara.

**- gun**



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Páll Kristinsson**

vélstjóri,
Njarðvíkurbraut 32, Innri-Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 26. ágúst. Útför hans fer fram frá Innri-Njarðvíkurkirkju fimmtudaginn 8. september kl. 14.00.

**Kristinn Pálsson** **Björg Valtýsdóttir,**
**Elín Margrét Pálsdóttir** **Sigurður S. Guðbrandsson,**
**Vilhelmína Pálsdóttir** **Ingólfur Ólafsson,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorbergur Friðriksson**

Aðalgötu 1, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 8. september kl. 11.

**Jón Páll Þorbergsson** **Sigurbjörg Lárusdóttir**
**Friðrik Þorbergsson**
**Þórunn María Þorbergsdóttir**
**Þorbergur Friðriksson** **Hildur Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sambýlismanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Einars Sigurjónssonar**

áður til heimilis í Zauthenshúsi á Eskifirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hulduhlíðar.

**Þorbjörg Eiríksdóttir**
**Edda Einarsdóttir**
**Sigurjón Einarsson** **Margrét Jónsdóttir**
**Ása Einarsdóttir** **Ólafur Bjarnason**
**Signý Einarsdóttir** **Örn Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Elvar Þór Valdimarsson**

stýrimaður

lést á heimili sínu mánudaginn 29. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 6. september kl. 13.00.

**Ásdís Elvarsdóttir**
**Erlendur Þór Elvarsson** **Jóna Fanney Svavarsdóttir**
**Tómas Bjarki Tryggvason Hubner**
**Edda Margrét Erlendsdóttir**
**Arnór Erlendsson**
**Elísa Ýrr Erlendsdóttir**
**Magnea Rut Gunnarsdóttir**

PIPAR\TBWA-SÍA

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?



# Til hamingju!

Listdansskóli Reykjanesbæjar hlaut í sumar viðurkenningu Mennta- og menningarmála-ráðuneytisins til kennslu á grunn- og framhaldsskólastigi samkvæmt aðalnámskrá listdansskóla og framhaldsskóla í listdansi 2006. Kennslan á kjörsviði listnámsbrautar fer fram í samstarfi við Fjölbrautarskóla Suðurnesja og Keili.
Skólinn er til húsa í fyrrum skotfærageymslu Bandaríkjahers og hefur starfað í tvö ár. Þar læra yfir 200 nemendur klassískan listdans, nútímalistdans, jazzballett og fleiri dansstíla.

**LISTDANSSKÓLI REYKJANESBÆJAR** er eitt fjölmargra fyrirtækja sem kjósa Ásbrú, samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, sem sína bækistöð.

**www.bryn.is**

ÁSBRÚ

**Ásbrú í Reykjanesbæ er kjörinn staður fyrir fyrirtæki á sviði tækni og heilsutengdrar þjónustu, auk fyrirtækja sem sjá hag sinn í nálægð við alþjóðaflugvöll.**
Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmynda-ver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.




Nánari upplýsingar um Ásbrú má finna á www.asbru.is og hjá Kadeco sem hefur frá árinu 2006 leitt uppbygginguna á Ásbrú.

Kadeco®
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** búsmali, **6.** ógrynni, **8.** meðvitundarleysi, **9.** hald, **11.** guð, **12.** traðk, **14.** drabb, **16.** kusk, **17.** kvk. nafn, **18.** munda, **20.** skammstöfun, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sog, **3.** rún, **4.** undirbúningspróf, **5.** borða, **7.** pest, **10.** frostskemmd, **13.** mas, **15.** maður, **16.** umrót, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** búfé, **6.** of, **8.** rot, **9.** tak, **11.** ra, **12.** tramp, **14.** slark, **16.** ló, **17.** lóa, **18.** ota, **20.** fr, **21.** stál.
**LÓÐRÉTT: 1.** tott, **3.** úr, **4.** forpróf, **5.** éta, **7.** farsótt, **10.** kal, **13.** mal, **15.** karl, **16.** los, **19.** að.


Bættu um betur!

**Hefur þú starfað við húsasmíði, bifvélavirkjun, bifreiðasmíði, bílamálun eða múraraiðn og vilt ljúka námi í greinunum?**

**Bættu um betur – Húsasmíði / Bifélavirkjun / Bifreiðasmíði / Bílamálun / Múraraiðn** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA – fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið. Þar er einnig hægt að skrá sig á **kynningarfund sem verður haldinn í dag 6. september kl. 17.00 að Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.**

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS



**Fólkið í landinu les Fréttablaðið**

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins. Rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 18-49 lesa að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - nær þrefalt fleiri en lesa næsta dagblað þar á eftir.

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.




Allt sem þú þarft...


# Kaldur hugur og hlýtt hjarta

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Paul Ricoeur var einn áhugaverðasti heimspekingur Frakka á tuttugustu öld. Bækur hans rötuðu víða og hugmyndir hans höfðu áhrif í mörgum fræðagreinum. Áður en hann lét af störfum var hann til dæmis um tíma prófessor við guðfræðideild Chicago-háskóla. Fræðasvið Ricoeurs var vítt og hér verður aðeins vikið að hvernig hann ræddi um tvær víddir í gagnrýni hugmynda.

**RICOEUR** talaði um meistara tortryggni og hvernig nýta má niðurbrot þeirra í heimi hugmyndanna til endurheimtar og endurbyggingar. Meistarar tortryggninnar eru þau, sem þora að efast um viðtekin sannindi, andmæla því, sem ekki stenst skoðun og leggja til aðrar túlkunarleiðir en hinar hefðbundnu. Dæmi Ricoeur um tortryggnisspekinga eru Marx, sem lagði grunn að samfélagsrýni, og Freud, sem uppgötvaði dýptir sálarinnar og atriði sem stýrðu hegðun, veru og vitundarlífi manna. Þriðji meistari tortryggninnar var síðan Nietzsche, sem hafnaði ýmsum hugmyndakerfum sem honum þóttu ekki standast, til dæmis í trúarhugsun. Öflugir tortryggjendur skafa burt hið ónýta og rök þeirra varða sannleiksleitendur – af hvaða sauðahúsi sem þeir eru.

**EN TORTRYGGNI** er ekki nóg, hlutverk andans er ekki bara að brjóta niður, stinga í kýli og hleypa út galli blekkinga. Hugur þjónar ekki aðeins hreingerningu sálarinnar heldur velferð fólks. Hugsun er ekki bara fyrir gagnrýni heldur líka lífsrýni. Hlutverk skynsemi er bæði að rífa niður, en líka byggja upp, að veita næringu og leyfa vaxtarsprotum að dafna. Þess vegna er hugsun endurheimtar mikilvæg, spekin skoðar hvað af hugmyndum má endurnýta. Jesús Kristur er að mínu viti besta dæmið um speking, sem bæði tortryggði og endurtryggði, reif niður það sem hindraði fólk til frelsis en endurbyggði líka ríki elskunnar.

**VIÐ MEGUM** vera tortryggin til dæmis þegar við lesum goðsögur og góðar bókmenntir, en ættum ekki að henda þeim bara af því að þær fjalla um verur sem eru ekki til. Stóru sögur mannkynsins fjalla alltaf um líf í heiminum, fólk, átök og mikilvæg atriði. Goðmögn, handanverur og einstaklingar eru ekki aðalatriði þessara sagna, heldur viskan um líf og lífsmöguleika í heimi. Hið sama gildir um Biblíuna, trúarbragðaefni og heimspekiefni aldanna. Hið mikilvæga er að endurheimta dýptarviskuna. Tortryggjum hefðir og kreddur, en hugsum speki og einnig trúarefni til lífs. Hver maður ætti að temja sér tortryggjandi huga en elskandi afstöðu, kaldan huga og hlýtt hjarta.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




VERSLUNARTÆKNI
Allt fyrir...
VERSLANIR ..........
scan domestic
NÝTT
St: 370 ltr. - Kæling +2/+12 - LED lýsing - Stærð 2015x900x840
St: 168 ltr. - Kæling +2 / +8°C Stærð b:700 d:705 h:1460 mm. Gardína
St: 415 ltr. - Kæling +2/+10°C - Stærð b:606 b:575 h:1980
Kæling +2/+12°C - Innbyggð lýsing - Stærð b:682 d:450 h:675
ISA
Linde
Framstillingakælar - 5 stærðir, flott og stílhrein hönnun
Hillukerfi og eyjur, stækkanlegt kerfi sem vex eftir þörfum hvers og eins.
Pan-Oston
Carrier
Afgreiðsluborðin eru til í mörgum útfærslum.
Kjöt og fiskborð, vönduð smíði og falleg hönnun
Carrier kælar
caddie
Innkaupakörfur, vagnar, vöruvagnar og lagervagnar.
DSE
Úti og inniskilti.
Ruslatunnur
Hjólahnallar
Þjónustudeild
Verkstæði- og viðgerðarþjónusta á kæli og frystitækjum.
Uppsetning á tækjum.
Varahlutaþjónusta
Panel eyjar
Upphengilausnir
Raufapanill Plötustærð: 120 x 240 cm
Tilboðskörfur
Allt fyrir...
VÖRUHÚS OG LAGER
MECALUX
Brettahillukerfi
Brettahillukerfi, stækkanlegt.
Brettahillukerfi fyrir lagerinn eða Vöruhúsið
MECALUX
smávöruhillur
Smávöruhillur. Leitaðu upplýsinga hjá okkur - Simi 535 1300
MECALUX
M7 hillukerfi
Minna hillukerfi uppbyggt á svipaðan hátt og brettahillukerfin
Merkingar á hillukerfi og gólf
Léttivagnar.
SILVERSTONE
Brettatjakkar 2,3 tonn
Kæli- og frystiklefar í miklu úrvali. - Kælitækjaþjónusta
caddie
Vöruvagnar
Sópari
Starfsmannaskápar
Plastbox
MECALUX
Starfsmannaskápar, stækkanlegir, sterkir og endingargóðir
VERSLUNARTÆKNI
Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is
Sjáðu heimasíðuna www.verslun.is
20 ÁRA REYNSLA 1990-2010
Pöntunarsími: 535 1300

**menning**
menning@frettabladid.is

**SÍÐUSTU SUMARTÓNLEIKARNIR** Síðustu tónleikar sumarsins í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar verða haldnir í kvöld klukkan 20.30. Þá leikur Þórarinn Stefánsson píanóleikari einleiksverk fyrir píanó sem samin eru út frá íslenskum þjóðlögum eða útsetningar á þeim. Elstu verkin eru eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson en hin yngstu eru Fagurt er í fjörðum og Krummi svaf í klettagjá eftir Kolbein Bjarnason og verða þau frumflutt á tónleikunum.

# Þórdís hlaut styrk úr listasjóði Guðmundu

Þórdís Aðalsteinsdóttir hlaut um helgina verðlaun og viðurkenningu úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur, fyrir framlag sitt til myndlistar. Erró afhenti verðlaunin í Hafnarhúsinu á laugardag við opnun á sýningu á teikningum Errós og Attersee. Þórdís býr í Bandaríkjunum en móðir hennar, Marta Hildur Richter, tók við verðlaununum fyrir hönd dóttur sinnar.

Erró stofnaði listasjóð Erró til minningar um móðursystur sína og er honum ætlað að efla og styrkja listsköpun kvenna. Þetta er í tólfta sinn sem styrkur er veittur úr sjóðnum en framlagið rennur til listakonu sem þykir skara fram úr. Stjórn sjóðsins skipa safnstjórar Listasafns Reykjavíkur, Listasafns Íslands og Listasafnsins á Akureyri.

Í tilkynningu frá Listasafni Reykjavíkur segir að verk Þórdísar segi sögur sem séu í senn persónulegar og byggðar á frásögnum annars staðar frá, til dæmis úr bókmenntum eða fréttum.

„Með hið mannlega eðli að leiðarstefi verða verkin óháð tíma og rúmi og lúta lögmálum dæmisögunnar en varpa um leið fram spurningum um mörk siðferðis í samskiptum manna.“



**VIÐ AFHENDINGUNA** Martha Hildur Richter tók við verðlaununum fyrir hönd dóttur sinnar. Með henni á myndinni eru Erró, Ólafur Ragnar Grímsson og Hafþór Yngvason.


SÖNGFÓLK ÓSKAST!

*Kammerkór Mosfellsbæjar getur bætt við söngfólki í kórinn.*

Fjölbreytt og áhugavert verkefnaval.
Nánari upplýsingar í síma 895 7634 (Símon) og 899 6447 (María)

Netfang: simoni@simnet.is
Heimasíða: http://www.simnet.is/kammerkormos/

LOADING IÐNAÐARHURÐIR




LOADING HURÐIR

Loading hurðir eru klæðskerasniðnar með tilliti til stærðar og mismunandi aðstæðna. Mikið framboð lita ásamt öryggisþáttum sem tryggir öruggt aðgengi að hurð. Hurðin veitir góða einangrun ásamt því að vera traust gagnvart veðurofsa.

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði




**ETERNAL SMILE** Tilkomumikið og sjónrænt verk norska leikhópsins Verk Produktsjoner vakti sérstaka eftirtekt gagnrýnanda.

# Samskiptaleysi og leitin að guði

Leiklist

**Lókal - alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík**
Ýmsir flytjendur

Leiklistarhátíðinni Lókal er lokið. Það var leikið víðs vegar um bæinn þó að aðalbækistöðin hafi verið Tjarnarbíó. Mörg lítil atriði, lítil sögubrot eða hugdettur og uppákomur eiga máske eftir að lifa með áhorfendum en það sem einkenndi verkin á heildina séð var einmitt að það voru mest sundurlaus atriði, tengd saman með hjálp tækni eða líkamsáreynslu, en ekki hefðbundin dramatík.

Á fimmtudagskvöld var boðið upp á einstaka upplifun í skóla nokkrum í Tjarnarbíó, School of Transformations, eftir leikhópana Herbergi 408 og Mobile Homes. Áhorfendur voru virkir þátttakendur í sýningunni. Leikurinn barst út fyrir húsið; áhorfendur tóku til dæmis þátt í mótmælum fyrir framan ráðhúsið þar sem raunveruleikinn og leikurinn mættust því stjórnlagaráðsfulltrúi stóð þar og lýsti starfi ráðsins og bað fólk um að styðja bætta stjórnarskrá og betra líf í landinu. Þessi sýning var samansett úr mörgum atriðum sem mörg hver áttu botna sína í raunveruleikasjónvarp. Ég held að áhorfendur hafi verið mjög glaðir með þessa sýningu og sinn hlut í henni, hvort sem menn hafi nú gaman af því að faðmast og syngja í hóp með ókunnugum eður ei.

Kanadíska sýningin Phobophilia hófst í Tjarnarbíói en þaðan voru 24 áhorfendur teymdir og leiddir í Iðnó, þar sem bundið var fyrir augu þeirra og skrölt með hópinn upp í leikfimissal Menntaskólans í Reykjavík. Þar voru augnbindin fjarlægð og fólki boðið til sætis til þess að taka þátt í eða verða áhorfendur að aftöku. Verkið, sem byggði á texta Jean Cocteau, var fyrst og fremst vídeólistsýning úr litlum kassa sem leiðir hugann óneitanlega í átt að tæknidýrkuninni út úr hinni eiginlegu frásögn. Listamennirnir Stephen Lawson og Aaron Pollard áttu heiðurinn að þessari sýningu, sem eins og margt annað á hátíðinni var sundurlaus. Áhorfendagangan náði ekki að tengjast hinni verðandi aftöku, þó svo maður geti ímyndað sér hver var meiningin hafi verið.

Á glampandi sviði Gamla bíós gaf að líta sýninguna The Island. Þar brölta ungmenni um í svefnpokum segjandi sögur og framkvæma leikbrellur nánast eins og í fjölleikahúsi. Íslendingarnir Friðgeir Einarsson og Ingibjörg Magnadóttir og Kanadabúarnir Arne McPherson og Freya Olafson leiddu saman hesta sína í sýningu sem sameinaði myndlist og leiklist og skemmti áhorfendum rækilega.



**PHOBOPHILIA** Áhorfendur voru teymdir fyrst frá Tjarnarbíói í Iðnó og þaðan í Menntaskólann í MR þar sem þeim var boðið að verða vitni að aftöku. Sundurlaust verk sem skilaði ekki tilætluðum áhrifum að mati gagnrýnanda.

Á litla sviði Borgarleikhússins sýndi finnski hópurinn Oblivia sýninguna Entertainment Island. Hér réði naumhyggjan ríkjum; engin leikmynd og búningar ekki tengdir sögum sem upp komu og talið í sjálfu sér af mjög skornum skammti. Hópurinn vann þó snilldarlega saman ádeiluverk á neyslusamfélagið og brjálæðið í kringum útlitsdýrkunina. Vel hefði mátt stytta þessa þriggja tíma sýningu um eina klukkustund en þetta var engu að síður góð sýning.

Leikhópurinn Verk Produtsjoner, sem gerir út frá Ósló, ræðst í magnað verk byggt á texta Pär Lagerkvist, og var sýnd í Tjarnarbíói. Þar vantaði svo sannarlega ekki leikmynd, búninga, smink, brúður, reykvélar og allt tilheyrandi víti eða himnaríki. Löngu látið fólk lýsir sínu lífi og hvernig heimarnir tengjast saman. Þau reyna að drepa tímann með því að tala saman. Þetta var mikið fyrir augað og leikið á ensku en einhvern veginn var eins og þýðingin hafi ekki alveg verið leikurunum töm. Ein saga sem sögð var fjallaði um mann sem hafði alla sína tíð á jörðinni verið vörður á klósetti og tekið við klinki og afhent litla afrifu af pappír. Gestirnir komu og fóru, urðu eldri og það varð vörðurinn líka en það var enginn sem sá hann. Verkið fjallaði á vissan hátt um að sýna sig og sjá aðra og leitina að guði.

Tvær íslenskar sýningar voru endurfluttar á hátíðinni; Fjalla-Eyvindur var sýndur í Norðurpólnum í leikstjórn Mörtu Nordal. Vonandi verður sú góða sýning tekin áfram og aftur til sýninga. Sýningin er heildstæð og laus við alla tilgerð. Verði þér að góðu er líka hreint út sagt frábær, þar sem hvatir og hegðun er sett í rannsóknarbúning á snilldarlegan máta.

Erfitt var að finna heildarbrag á Lókal-hátíðinni í ár; enginn eiginlegur þráður sameinaði leiksýningarnar ef frá er talið samskipti og/eða samskiptaleysi og gott ef leitin að guði er ekki stóra mengið. Hvað sem öðru líður þá eru hátíðir sem þessar uppbyggilegar og það er vandasamt að setja saman svona verkefnaskrá. **Elísabet Brekkan**

AÐEINS ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR!

SHIFT_the way you move

NISSAN

# 0 KR. Í BENSÍN
## FYRSTA ÁRIÐ*




**Frítt í gjaldstæði í Reykjavík**

GRÆNT BÍLALÁN

ergo

**25.903 kr.**
**á mánuði****

## NISSAN MICRA

Lágmarks rekstrarkostnaður, hámarks öryggi, áreiðanleiki og góðir aksturseiginleikar. Þetta er kjarninn í Nissan Micra. Allt það besta úr fyrri árgerðum Micra er á sínum stað, bara enn betra.

**www.nissan.is**

## Meðaleyðsla: 5,0 l/100 km

**Handfrjáls bluetooth símabúnaður**
**Tengi fyrir aux (iPOD)**
**ESP skriðvörn**
**Hiti í sætum o.m.fl.**

Verð frá **2.290 þús. kr.**

**INNEIGN**
**170.000 kr.**

*Nokkrum beinskiptum Micra fylgja nú N1 kort með inneign að upphæð 170.000 kr. sem ætla má að endist fyrir eldsneyti í allt að 15.000 km eða u.þ.b. 1 ár.

**B&L OG INGVAR HELGASON** Sævarhöfða 2, sími 525 8000

**Bílasamningur ERGO, mánaðargreiðsla m.v. 30% innborgun og eftirstöðvar til 84 mánaða.

# Góðir gestir í afmælisveislu

**Skemmti- og veitingastaðurinn Austur fagnaði tveggja ára afmæli sínu með því að bjóða velunnurum sínum og fastagestum í teiti á föstudagskvöld.**



MEÐ TVÆR Í TAKINU Eigandinn Ásgeir Kolbeinsson í afmælisveislunni ásamt þeim Snædísi Ragnarsdóttur og Jónínu Hansen. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Miklar endurbætur hafa staðið yfir á framsvæði Austurs. Staðurinn verður nú einnig opinn yfir daginn þar sem boðið verður upp á kaffi og létt bakkelsi.



Í AFMÆLISVEISLU Júlía, Gauti og tískumógúllinn Karl Berndsen mættu í afmælisveisluna.



LJÚFIR TÓNAR Guðmundur Jónsson, gítarleikari Sálarinnar, spilaði fyrir gesti.



Á AUSTUR Alexandra Elva og Oliver Ómarsson voru á meðal gesta.



ÞRJÁR HRESSAR Kolla, Helga og Telma kíktu í partíið.

# Gítarsnillingur á útopnu

Tónleikar ★★★★

**Björgin Gíslason**

60 ára afmælistónleikar

**Austurbær 4. september**

Það var troðfullur salur sem fagnaði Björgvini Gíslasyni á 60 ára afmælistónleikum hans í Austurbæ á sunnudagskvöldið. Björgvin er ein mesta gítarhetja Íslands fyrr og síðar. Hann var áberandi með hljómsveitum eins og Pops, Náttúru, Pelican, Paradís, Póker og Das Kapital og spilaði að auki með fjölmörgum listamönnum, til dæmis Megasi á Drögum að sjálfsmorði og Jóhanni G á Kjötsúpuplötunni, svo við nefnum bara tvö dæmi. Upp úr miðjum níunda áratugnum hætti Björgvin að mestu að koma fram opinberlega, en hefur spilað nokkuð undanfarið, meðal annars með Mugison.

Björgvin hefur gefið út nokkrar sólóplötur, en auk þess að vera afmælistónleikar voru tónleikarnir í Austurbæ til að fagna endurútgáfu á þeim þremur fyrstu sem lengi hafa verið ófáanlegar: Öræfarokk kom út 1977, Glettur 1981 og Örugglega 1983.

Eftir seiðandi sítartónlist sem hljómaði þegar tónleikagestir gengu í salinn hófst hin eiginlega dagskrá með laginu Ambrosia af Öræfarokki, en flest laganna á tónleikunum voru af fyrrnefndum plötum. Hljómsveit kvöldsins samanstóð af tveimur gömlum félögum Björgvins úr bransanum, Ásgeiri Óskarssyni trommuleikara og Haraldi Þorsteinssyni bassaleikara og yngri mönnum, Jóni Ólafssyni sem lék á Hammond og píanó, Guðmundi Péturssyni gítarleikara, Hjörleifi Valssyni fiðluleikara og Birni Jörundi Friðbjörnssyni sem sá að mestu um sönginn.

Björgvin lék á als oddi. Hann ljómaði af gleði, sagði skemmtisögur á milli laga og fór að sjálfsögðu hamförum á gítarinn eins og honum er einum lagið. Þeir sem hafa séð til Björgvins á tónleikum vita að spilagleði og innlifun eru hans aðalsmerki. Hann er ótrúlega fær og lipur gítarleikari, en svipbrigðin og sviðstaktarnir eru líka órjúfanlegur partur af ímynd hans.



INNLIFUN Björgvin Gíslason fór á kostum á sviðinu í Austurbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tónleikarnir á sunnudagskvöldið stóðu yfir í rúma tvo tíma. Fyrir hlé voru meðal annars tekin lög eins og Öræfarokk, Tunglskin í trjánum, Skerum þá af og proggsnilldin Doll in a Dream. Eftir hlé var tempóið keyrt upp. Mugison (sem átti líka afmæli) tók eitt lag með bandinu við mikinn fögnuð og tónleikarnir enduðu á þremur þekktustu lögunum af Örugglega: Afi, Í takt við tímann og LM Ericsson.

Eftir uppklapp tók sveitin hina stórskemmtilegu útgáfu Björgvins af laginu Á Sprengisandi sem tryllti lýðinn á dögum Pelicans og hefur fylgt Björgvini síðan. Gítarsnillingarnir Björgvin og Gummi P fóru frábærlega með það. Áhorfendur höfðu ekki fengið nóg og því kom hljómsveitin aftur á sviðið eftir mikil fagnaðarlæti og tók Doll in a Dream öðru sinni.

Þetta voru fínir tónleikar. Það var gleði og kærleikur í Austurbæ þetta kvöld. Hljómsveitin var frábær og gítargoðsögnin og afmælisbarnið fór á kostum.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Gítarhetjan Björgvin Gíslason lék á als oddi á mjög vel heppnuðum afmælistónleikum í Austurbæ á sunnudagskvöldið.

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| CRAZY, STUPID, LOVE LUXUS VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 10:10 | 2D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 5:40 - 10.30 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:30 | 3D | 16 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | kl. 8 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE. | kl. 6 - 8 | 2D | 7 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| BÍLAR 2 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | 2D | L |
| GREEN LANTERN | kl. 8 | 3D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 5:20 | 3D | L |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5:20 | 2D | L |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 8 - 10:20 | 3D | 16 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 8 | 2D | 14 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 5:20 - 10:40 | 2D | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 | 2D | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 10:30 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| SMURFS M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |

Kvikmyndahátíð daganna 26.Ágúst til 12.September

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE TREE OF LIFE Ótextuð | kl. 8 | 2D | 10 |
| THE BEAVER Ótextuð | kl. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| RABBIT HOLE M/Íslenskum texta | kl. 6 | 2D | 12 |
| RED CLIFF enskur texti | kl. 10:40 | 2D | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | |
|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 5:30 - 10:30 |
| THE CHANGE UP | kl. 8 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 30 MINUTES OR LESS LÚXUS | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| Á ANNAN VEG | KL. 8 | 10 |
| THE CHANGE-UP | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 3.30 - 5.50 - 8 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 10 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| FRIENDS WITH BENEFITS KL. | 10.10 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| Á ANNAN VEG | KL. 6 - 8 - 10 | 10 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| THE CHANGE-UP | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| GREATEST MOVIE EVER SOLD | KL. 5.50 | L |
| SPY KIDS 4D | KL. 5.50 | L |
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 10.20 | 16 |
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 | L |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| THE CHANGE-UP | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 6 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE DEVILS DOUBLE | 5.50, 8 og 10.20 |
| CHANGE UP | 8 og 10.20 |
| SPY KIDS - 4D | 6 |
| CONAN THE BARBERIAN | 8 og 10.20 |
| STRUMPARNIR - 3D | 6 - ISL TAL |

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR / www.bioparadis.is / midi.is

| ÞRIÐJUDAGUR: | |
|---|---|
| REYKJAVIK DANCE FESTIVAL | 20:00 |
| ANDLIT NORÐURSINS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ANIMAL KINGDOM | 17:50, 20:00, 22:10 |
| MARY & MAX | 18:00, 20:00 |
| HOWL | 22:00 |
| MONSTERS | 18:00, 22:00 |
| ÍSLENSKUR TEXTI / ENGLISH SUBTITLES | |

VERTU FASTAGESTUR!

15% afsláttur af öllum kortum til 15. september.

BÍÓ PARADÍS: KVIKMYNDAHÁTÍÐ Á HVERJUM DEGI.

# Óttastu að þyngjast ef þú hættir að reykja?

Sýnt hefur verið fram á að notkun Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmís í ráðlögðum skömmtum hjá konum, getur hjálpað til við að vinna gegn þyngdaraukningu hjá þeim í kjölfar þess að reykingum er hætt.






Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí
með piparmintu- og ávaxtabragði

nicorette
nicotin

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

# sport

sport@frettabladid.is



**VEIGAR PÁLL GUNNARSSON** dró sig um helgina úr íslenska landsliðinu vegna ósættis við landsliðsþjálfarann Ólaf Jóhannesson. Sjálfur vildi Ólafur ekki tjá sig um ágreininginn í samtali við Fréttablaðið í gær og ekki náðist í Veigar Pál sem leikur með Vålerenga í Noregi.



**KVEÐJUSTUND** Ólafur Jóhannesson stýrir Íslandi í síðasta sinn á Laugardalsvellinum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur Jóhannesson:

## Gefum allt í Kýpurleikinn

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari stýrir íslenska landsliðinu í síðasta sinn á Laugardalsvellinum þegar Ísland mætir Kýpur í undankeppni EM 2012 í kvöld.

Ísland tapaði fyrir Noregi ytra á föstudaginn, 1-0, en Ólafur var samt ánægður með frammistöðu leikmanna.

„Við vinnum Kýpur með annarri eins frammistöðu. Það er ekki spurning.“ Hann segir leikmenn hafa verið svekkta eftir tapið.

„Það hefur gengið ágætlega að gíra menn upp í leikinn og ég hef engar áhyggjur af því að menn gefi sig ekki alla í leikinn eins og þeir hafa alltaf gert. Við spiluðum ágætlega gegn Noregi en við erum meðvitaðir um að við fengum ekkert stig úr þeim leik. En menn gáfu sig alla í leikinn og við ætlum að gera það sama nú.“ - esá



**GLEÐI** U-21 landslið Íslands fagnar öðru marka sinna gegn Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undankeppni EM U-21:

## Strákarnir mæta Noregi

**FÓTBOLTI** U-21 lið Íslands mætir í dag jafnöldrum sínum frá Noregi í undankeppni EM 2013. U-21 liðið hóf leik í undankeppninni á fimmtudaginn var en þá unnu strákarnir 2-1 sigur á Belgíu á Vodafone-vellinum. Leikurinn í dag fer fram á Kópavogsvelli og hefst klukkan 16.15.

Björn Bergmann Sigurðarson skoraði bæði mörk Íslands gegn Belgíu en hann verður ekki með í dag. Hann var um helgina kallaður inn í A-landsliðið sem mætir Kýpur í dag. - esá

Breytingar í varnarlínunni?

## Indriði veikur og Sölvi tæpur

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að Ólafur Jóhannesson þurfi að gera breytingar á varnarlínu Íslands þar sem miðvarðarparið úr leiknum gegn Noregi, Indriði Sigurðsson og Sölvi Geir Ottesen, eru báðir tæpir fyrir leikinn í kvöld. Indriði er veikur en Sölvi Geir að glíma við meiðsli í baki. Það kemur ekki í ljós fyrr en í dag hvort þeir geti spilað.

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að Kristján Örn Sigurðsson kemur aftur inn í liðið eftir að hafa tekið út leikbann. - esá

# Endar 1.056 daga bið í kvöld?

**Íslenska landsliðið í fótbolta hefur ekki unnið mótsleik í tvö ár, tíu mánuði og tuttugu og tvo daga. Liðið fær frábært tækifæri til að enda þessa löngu bið eftir sigri þegar Kýpverjar mæta á Laugardalsvöllinn í kvöld. Kolbeinn Sigþórsson og Jóhann Berg Guðmundsson vonast eftir betri og meiri sóknarleik en í Ósló.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið spilar í kvöld síðasta heimaleik sinn í undankeppni EM 2012 þegar Kýpur kemur í heimsókn á Laugardalsvöllinn. Þetta er um leið hálfgerður úrslitaleikur um að sleppa við júmbósætið í riðlinum því Kýpverjar eru með einu stigi meira en Ísland þökk sé stigi sem þeir náðu í á útivelli á móti Portúgal. Þetta er umfram allt leikur upp á stoltið og algjört dauðafæri til að enda eina lengstu þrautargöngu íslenska karlalandsliðsins.

Biðin eftir sigurleik í mótsleik er orðin löng hjá íslenska landsliðinu og í raun hefur íslenska landsliðið aðeins tvisvar þurft að bíða lengur eftir sigri síðan sá fyrsti vannst á móti Austur-Þjóðverjum í undankeppni EM 5. júní 1975.

Metið er 1.170 daga bið landsliðsins frá 11. júní 1977 til 24. ágúst 1980. Íslenska liðið endaði biðina með óvæntum 3-1 útisigri á Tyrkjum í undankeppni HM í Izmir. Það var jafnframt fyrsti útisigur íslenska landsliðsins í undankeppni HM eða EM.

Íslenska landsliðið beið síðan í 1.092 daga eftir sigri frá 12. september 1984 til 9. september 1987. Ísland endaði biðina með 2-1 sigri á Norðmönnum á Laugardalsvelli og vann síðan einnig sigur á Norðmönnum í Ósló í næsta leik. Þetta var í fyrsta sinn sem íslenska landsliðið vann tvo mótsleiki í röð.

Ólafur Jóhannesson hefur aðeins stýrt íslenska liðinu til sigurs í einum af fimmtán leikjum í undankeppni HM og EM. Eini sigurinn til þessa kom á móti Makedóníu á Laugardalsvellinum 15. október 2008 og síðan eru liðnir 1.056 dagar. Tapleikurinn í Ósló var tíundi mótsleikur Íslands í röð án þess að liðið náði að vinna.

„Við fáum núna enn eitt tækifærið til að sýna að við erum betri en undanfarið gengi hefur gefið til kynna,“ sagði Kolbeinn Sigþórsson sem er einn af ungu leikmönnum liðsins sem hafa ekki náð að vinna alvöru landsleik. „Hungrið í sigur er mikið í liðinu en auðvitað erum við svekktir eftir síðasta leik. Það hefur verið mikil neikvæðni í kringum landsliðið og það er kjörið tækifæri núna að sýna okkar rétta andlit,“ sagði Kolbeinn.

Kolbeinn fékk lítið úr að moða í framlínunni í leiknum í Noregi. „Við þurfum klárlega að laga sóknarleikinn. Það er ekki nóg að skapa tvö færi í einum leik og ég sem dæmi fékk ekki neitt færi í leiknum. Það gerist ekki oft að ég fái ekki færi í leik. Við þurfum að bæta aðeins sóknarleikinn en varnarleikurinn var góður síðast,“ sagði Kolbeinn. „Kýpurmenn eru með gott lið og við verðum að passa okkur líka því þeir eru klókir og geta gert góða hluti ef þeir fá tækifæri til þess. Ef við lítum samt á riðilinn og á hvaða lið við eigum að vinna þá er það Kýpur,“ sagði Kolbeinn.

Jóhann Berg Guðmundsson á það sameiginlegt með Kolbeini að hafa fengið fá tækifæri til að nýta sóknarhæfileika sína á móti Noregi. „Það er kominn tími á sigur og er ekki um að gera að ná honum á heimavelli á móti liði sem við eigum möguleika á móti? Við vitum að þetta verður erfiður leikur og að við verðum að vera hundrað prósent á leikdag. Síðasti leikurinn í þessari keppni er á móti Portúgal úti sem verður gríðarlega erfiður leikur. Það verður erfitt að ná í einhver stig þar þannig að þetta er leikurinn sem við ætlumst til að við vinnum og viljum vinna. Vonandi heppnast það hjá okkur,“ segir Jóhann Berg sem segir liðið vera búið að losa sig við svekkelsið frá því í Noregi. „Auðvitað var þetta fínn leikur hjá okkur og algjör óheppni að fá þetta mark á sig á lokamínútunum. Það er ekki mikið búið að falla með okkur en vonandi breytist það á morgun.Við verðum að fá þessa þrjá punkta og ég held að það sé skylda.“

Það hefur ekki verið mikill áhugi á íslenska landsliðinu að undanförnu en vonandi verður enginn svikinn af því að skella sér í Laugardalinn í kvöld og sjá loksins íslenskan sigurleik.

ooj@frettabladid.is



**SÓKNARLÍNAN VERÐUR AÐ VERA Í LAGI** Jóhann Berg Guðmundsson, Kolbeinn Sigþórsson og Helgi Valur Daníelsson fylgjast með Eiði Smára Guðjohnsen á landsliðsæfingu á Laugardalsvellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Lengsta bið Íslands eftir sigurleik í undankeppni:**

**1170 dagar** - 11.júní 1977 - 24. ágúst 1980
**Endaði:** Izmir í Tyrklandi, 3-1 sigur á Tyrkjum

**1092 dagar** - 12. sept. 1984 - 9.sept. 1987
**Endaði:** Laugardalsvöllur, 2-1 sigur á Noregi

**1056 dagar** - 15. október 2008 - enn í gangi

**801 dagur** - 11. júní 1995 - 20. ágúst 1997
**Endaði:** Liechtenstein, 4-0 sigur á Liechtenstein

**737 dagar** - 5. júní 1975 - 11. júní 1977
**Endaði:** Laugardalsvöllur, 1-0 sigur á Norður-Írlandi

**728 dagar** - 23. sept. 1987 - 20. sept 1989
**Endaði:** Laugardalsvöllur, 2-1 sigur á Tyrklandi

**658 dagar** - 20. ágúst 2003 - 8. júní 2005
**Endaði:** Laugardalsvöllur, 4-1 sigur á Möltu

**641 dagur** - 8. sept. 1993 - 11. júní 1995
**Endaði:** Laugardalsvöllur, 2-1 sigur á Ungverjalandi

**634 dagar** - 9. sept. 1981 - 5. júní 1983
**Endaði:** Laugardalsvöllur, 1-0 sigur á Möltu

Mikið fjaðrafok um meinta komu Roy Keane til Íslands í gær sem svo ekkert varð úr:

# Keane enn sterklega orðaður við landsliðið

**FÓTBOLTI** Ekkert varð að því að Roy Keane kæmi til Íslands í gær eins og greint var frá snemma dags. Eggert Magnússon, fyrrum formaður KSÍ, kom til landsins ásamt eiginkonu sinni en þau höfðu boðið Keane og eiginkonu hans til Íslands.

Knattspyrnusamband Íslands er nú að leita að nýjum landsliðsþjálfara og sagði Geir Þorsteinsson, formaður sambandsins, um helgina að nokkrir hefðu sýnt starfinu áhuga. Forráðamenn KSÍ vildu ekki staðfesta í gær að Roy Keane væri einn þeirra.

Málið hefur fengið mikil og sterk viðbrögð í Írlandi, heimalandi Keanes, sem og í Bretlandi. Fréttablaðið setti sig í samband við fréttamann enska dagblaðsins Daily Mail, sem skrifaði um málið í gærmorgun. Heimildir blaðsins herma að Keane hafi átt í viðræðum við Knattspyrnusamband Íslands og að hann verði, þrátt fyrir allt, viðstaddur leik Íslands og Kýpur í dag.

Eggert sagði að ekkert hefði verið rætt við Keane um að taka að sér starfið eins og fullyrt var á vefsíðu Daily Mail í gær. „Ég hef bara rætt við hann af því að hann er gamall vinur minn úr enska boltanum. Hann er mikill fjölskyldumaður og komst ekki frá henni að svo stöddu,“ sagði Eggert við Fréttablaðið í gær. Aðspurður fullyrti hann að Keane yrði ekki á leiknum í dag.

Keane hefur verið atvinnulaus síðan í janúar síðastliðnum og fullyrða þeir fjölmiðlamenn á Írlandi sem Fréttablaðið ræddi við í gær að Keane komi til greina sem næsti landsliðsþjálfari Írlands, ákveði Giovanni Trapattoni að stíga til hliðar þegar núverandi samningur hans rennur út. Sá gildir fram yfir EM 2012.

Mikil óvissa er um málið eins og er og vildu forráðamenn KSÍ ekkert um það segja hvort þeir hefðu sett sig í samband við Keane eða ekki. Keane er þó enn sterklega orðaður við landsliðið, þó svo að hann hafi ekki komið til landsins í gær. - esá



**EGGERT KOM EN KEANE EKKI** Til stóð að Roy Keane kæmi til Íslands í gær í fylgd með Eggerti Magnússyni en svo varð ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# STÆRSTA RAFBÓKAVERSLUN Á ÍSLANDI






Þú finnur einfaldlega bókina sem vekur áhuga þinn á slóðinni **www.eymundsson.is**



... pantar hana og færð hana umsvifalaust senda í lestækið þitt eða tölvuna.

VINNUR ÞÚ iPAD?

## Nú eru yfir 100 þúsund erlendir titlar á Eymundsson.is

Nú er loksins komið að því. Eymundsson hefur opnað rafbókaverslun á Íslandi! Úrvalið er yfir 100 þúsund titlar. Eymundsson er með á nótunum, framtíðin er innan seilingar. Skelltu þér á www.eymundsson.is og virtu hana fyrir þér. Þú átt möguleika á að vinna iPad ef þú kaupir rafbók fyrir 1. október.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Eymundsson.is



## > Sofia Vergara

„Gloria átti í upphafi að vera asísk. Þegar ég las handritið hugsaði ég með mér: „Hvernig get ég sannfært leikstjórann um að hann þurfi klikkaða suður-ameríska í staðinn?“ Það tókst, ég var heppin.“

***Vergara fer með hlutverk hinnar glaðlegu Gloriu Delgado-Pritchett í gamanþáttunum Modern Family sem sýndir eru á Stöð 2 í kvöld klukkan 19.45.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ TELUR AÐ INTERNETIÐ SÉ EKKI BÓLA

# *hverf inn í sjálfan mig og kveð ykkur að sinni*

Til eru þeir sem líta á internetið sem hentugt tól til aðstoðar í sínum verkum. Sem það vissulega er. Aðrir nota það sem heim til að stíga inn í og lifa meira þar en í raunheimum. Flestir nota netið þó líklega sem einhvers konar blöndu, hagnýtt tæki við ákveðin tækifæri, en samfélag sem skipar æ stærri sess í lífi fólks. Úff, hvað þetta hljómar eins og gamalmenni slái á lyklana, en jæja.

Sumir atvinnurekendur misskilja möguleika netsins og reyna að takmarka aðgang starfsmanna sinna að því. Heilu stofnanirnar og stórfyrirtækin eru með lokað fyrir aðgang að samskiptatólum eins og Facebook, Twitter og msn. Þetta er mikill misskilningur. Ef starfsmaður eyðir heilu og hálfu dögunum í óvinnutengt spjall, er hann líklega ekki sá rétti í starfið. Því breytir engin lokun á samskiptaleiðum. Það getur hins vegar verið léttir í dagsins önn að flissa að nýjustu uppfærslu einhvers á Facebook, eða þusa við félagana um daginn og veginn.



Hið ógurlega internet býður líka upp á ómetanlegar síður sem hjálpa til við einbeitinguna. Þar er átt við síður sem bjóða upp á ókeypis hlustun á tónlist, svo sem Grooveshark og Gogoyoko. Sú hugmyndafræði þykir ansi fín að starfsmenn vinni í opnu rými og aðhyllast margir yfirmenn hana. Reyndar eru þeir sömu yfirmenn yfirleitt með skrifstofur og geta lokað að sér, en það er önnur saga.

Þegar maður þarf að einbeita sér að einhverju í vinnu sem ekki krefst samskipta við annað fólk er unaður að geta valið sér Dylan-plötu til að hlusta á, nú eða eitthvað annað (þó illskiljanlegt sé að eitthvað annað en Dylan verði fyrir valinu).

Svo er bara að skella heyrnartólunum á sig, hverfa inn í sjálfan sig og kveðja ykkur að sinni. Og þó að samstarfsmenn kvarti yfir söngli, blístri og taktslætti; ekki láta það á ykkur fá. Ekki var það ykkar hugmynd að starfa í opnu rými.

## RÚV

**16.10 Unglingalandsmót UMFÍ**
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti (22.52)** (Toot and Puddle)
**17.31 Þakbúarnir (21.52)** (Höjdarna)
**17.45 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir**
**18.25 Veðurfréttir**
**18.30 Landsleikur í fótbolta** (Ísland - Kýpur) Karlalandslið Íslands og Kýpur eigast við á Laugardalsvelli í beinni útsendingu. Leikurinn er liður í undankeppni EM 2012.
**20.40 Herstöðvarlíf** (Army Wives)
**21.25 Golf á Íslandi** Golfþættir fyrir alla fjölskylduna, þá sem spila golf sér til ánægju og yndisauka og líka þá sem æfa íþróttina af kappi. Umsjónarmaður er Gunnar Hansson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Njósnadeildin (1.8)** (Spooks IX) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 .Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Hafinn yfir grun (2.2)** (Above Suspicion) Bresk sakamálamynd í tveimur hlutum. e.
**00.05 Fréttir**
**00.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08:00 Fur**
**10:00 Legally Blonde**
**12:00 Astro Boy**
**14:00 Fur**
**16:00 Legally Blonde**
**18:00 Astro Boy**
**20:00 The Hitcher**
**22:00 Mirrors**
**00:00 Feast**
**02:00 Find Me Guilty**
**04:00 Mirrors**
**06:00 The X-Files: I Want to Believe**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Aðalkötturinn, Stuðboltastelpurnar
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (26:175)
**10.10 Wonder Years** (10:23)
**10.40 The Bill Engvall Show** (6:12)
**11.05 Monk** (9:16)
**11.50 Flipping Out** (9:9)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (13:39)
**14.00 American Idol** (14:39)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Ben 10, Strumparnir
**16.40 Stuðboltastelpurnar**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (23:25)
**18.23 Veður** Í
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (2:24)
**19.45 Modern Family** (2:24)
**20.10 Two and a Half Men** (4:16)
**20.35 The Big Bang Theory** (23:23)
**20.55 How I Met Your Mother** (24:24)
**21.20 Bones** (23:23)
**22.05 Come Fly With Me** (4:6)
**22.40 Entourage** (10:12)
**23.10 Talk Show With Spike Feresten** (13:22)
**23.55 Borgarilmur** (2:8)
**00.30 Hot In Cleveland** (7:10)
**00.55 Cougar Town** (7:22)
**01.20 Off the Map** (13:13)
**02.05 True Blood** (6:12)
**03.05 NCIS. Los Angeles** (19:24)
**03.50 TV. The Movie**
**05.15 Eleventh Hour** (17:18)
**06.00 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu.** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**16.00 Ísland - Noregur.** Bein útsending frá landsleik Íslands og Noregs í undankeppni EM hjá U21 árs landsliðum.
**18.35 England - Wales.** Bein útsending frá landsleik Englands og Wales í undankeppni EM.
**20.40 Danmörk - Noregur.** Útsending frá landsleik Danmerkur og Noregs í undankeppni EM.
**22.25 Ísland - Noregur.** Útsending frá landsleik Íslands og Noregs.
**00.15 England - Wales.** Útsending frá landsleik Englands og Wales í undankeppni EM.
**02.00 Danmörk - Noregur.** Útsending frá landsleik Danmerkur og Noregs í undankeppni EM.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.40 Premier League Review 2011/12.** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Ronaldinho.** Í þessum mögnuðu þattum eru margir af bestu knattspyrnumönnum sögunnar skoðaðir og skyggnst a bakvið tjöldin. Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho, leikmann AC Milan a Ítaliu.
**19.00 Premier League World**
**19.30 Man. Utd. - Tottenham.** Útsending frá leik liðanna.
**21.20 Arsenal - Liverpool.** Útsending frá leik Arsenal og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**23.10 Football League Show.** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans.
**23.40 Man. City - Swansea**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray (e)**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Parenthood (3.22) (e)**
**16.40 Dynasty (25.28)**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Got To Dance (2.21) (e)**
**19.00 America's Funniest Home Videos (7.50) (e)**
**19.25 Being Erica (3.12)**
**20.10 The Marriage Ref (2.10)**
**21.00 How To Look Good Naked - Sexy Over 60 (1.1)**
**21.50 In Plain Sight (10.13)**
**22.35 Dexter (2.12) (e)**
**23.25 CSI. New York (12.22) (e)**
**00.15 Leverage (10.16) (e)**
**01.00 Shattered (11.13) (e)**
**01.50 Smash Cuts (27.52) (e)**
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Deutsche Bank Championship (1.4)**
**11.10 Golfing World**
**12.00 Omega European Masters (1.2)**
**15.00 Deutsche Bank Championship (1.4)**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Omega European Masters (2.2)**
**22.00 Golfing World** SkjárGolf sýnir daglegan fréttaþátt, alla virka daga, þar sem fjallað er um allt það nýjasta úr heimi golfsins. Fréttir, viðtöl, kynningar á golfvöllum, golfkennsla, klassísk atvik í golfsögunni og margt fleira. Þátturinn greinir frá öllu sem máli skiptir allt árið um kring enda sýndur á SkjáGolfi 48 vikur ársins.
**22.50 PGA Tour - Highlights (28.45)** Allir bestu kylfingarnir heims spila í PGA mótaröðinni. SkjárGolf sýnir klukkustundarlanga þætti þar sem PGA mót helgarinnar er gert upp. Fylgstu með lengstu teighöggunum, bestu innáhöggunum og efstu mönnum í þessari stærstu mótaröð ársins.
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (106:175)
**20.15 Grey's Anatomy** (19:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Love Bites** (4:8) Frábærir rómantískir gamanþættir þar sem allt er látið flakka um nútímaástarsambönd frá framleiðendum Sex and the City, Love Actually og Bridget Jones Diary um ástina og allt það brjálæði sem hún fær okkur til að gera.
**22.35 Big Love** (3:9) Fjórða þáttaröðin um Bill Henrickson og óvenjulegu fjölskylduna hans. Sögusvið þáttanna er samfélag mormóna í Salt Lake City í Utah-ríki þar sem fjölkvæni tíðkast.
**23.35 Weeds** (9:13) Gamanþættir um ekkjuna úrræðagóðu, Nancy Bowden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.
**00.10 The Bill Engvall Show** (6:12) Frábærir gamanþættir með Bill Engvall úr Blue Collar Comedy. Hann leikur fjölskylduráðgjafa sem er sjálfur í vandræðum heima fyrir.
**00.35 Týnda kynslóðin** (3:40)
**01.05 Grey's Anatomy** (19:24)
**01.50 The Doctors** (106:175)
**02.35 Sjáðu**
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Fleiri myndbrot úr hringferð, Kárahnjúkar, Fljótsdalsstöð, Vestmannaeyjar.
**21.00 Græðlingur** Gurrý og grænir fingur upp á Skaga
**21.30 Svartar tungur** Septemberþing, ekki beint ástir samlyndra flokka.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT KL. 16:00
### Undankeppni EM

Það er sannkölluð fótboltaveisla á Stöð 2 Sport í dag. Fjörið hefst með leik Íslands og Noregs í undankeppni EM U21 árs kl. 16. Nágrannaslagur Dana og Norðmanna í undankeppni EM hefst á Sport 3 kl. 18.10 og leikur Englands og Wales hefst á Stöð 2 Sport kl. 18.35.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2011 **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Mixtúra **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan. Hver myrti Móleró? **15.25** Gamlar sögur af ungum konum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Viti, menn **20.00** Leynifélagið **20.30** Stimpilklukkan **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Jazzhátíð Reykjavíkur 2011 **23.05** Útvarpsleikhúsið. Þetta ætti að banna **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.20** Fawlty Towers **11.50** ,Allo ,Allo! **12.55** The Inspector Lynley Mysteries **13.45** The Inspector Lynley Mysteries **14.30** Keeping Up Appearances **15.00** Keeping Up Appearances **15.30** ,Allo ,Allo! **16.05** ,Allo ,Allo! **16.35** Fawlty Towers **17.05** Fawlty Towers **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Gavin & Stacey **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** The Graham Norton Show **23.50** QI

### DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Min Sport **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Thomas og hans venner **14.30** Lille Nørd **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag **18.30** Bonderøven **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** DR1 Dokumentaren **21.00** Mogadischu

### NRK 1

**12.00** Nyheter **12.05** Bondi Beach **12.30** Drømmehaver **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** Munter mat **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Valg 2011 **20.00** Lyngbø og Hærlands Big Bang **20.50** Muntre glimt fra "Smil til the skjulte kamera" **21.00** Kveldsnytt **21.25** Elskerinner **22.25** Viten om. Bilen som kjører selv

### SVT 1

**11.45** Ola & Julia **13.15** X-Games **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Maestro **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Vem tror du att du är? **19.00** Landet Brunsås **19.30** Hübinette **20.00** Dox **21.25** X-Games **22.10** En andra chans **22.40** Dagbok från en motorcykel **00.40** Rapport





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984

LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS




Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

MARKVISS STYRKING:

LGG+ er styrkjandi dagskammtur sem hentar öllu fólki á öllum aldri. Regluleg neysla LGG+ er sjálfsögð forvörn þeirra sem láta sér annt um heilbrigði sitt og styrkir þá gegn innrásum margs konar óæskilegra örvera.

BYRJAÐU DAGINN MEÐ LGG+

Það getur tekið LGG+ einn mánuð að byggja upp gerlaflóruna og til að viðhalda hámarksáhrifum er mikilvægt að neyta þess daglega.


## MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:

# Eru gjaldeyrishöftin bölvun eða blessun?




MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN




Allt sem þú þarft

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Saffran Express og Spari Naanwich sem slær öll met. Það er gert grín að mér í vinnunni því ég fer svo oft þangað.“*

Lilja Katrín Gunnarsdóttir, leikkona og nýráðinn ritstjóri Séð & heyrt.

# Gaf afslátt út á Ísland

„Hann er ótrúlegur snillingur, þessi strákur,“ segir leikstjórinn Ólafur Jóhannesson.

Kvikmyndin Borgríki eftir Ólaf verður frumsýnd 14. október. Tónlistarmaðurinn Zack Hemsey semur tónlistina í nýjum stiklum fyrir myndina, en hann samdi einnig tónlistina í stiklum kvikmyndanna Inception, The Town og Robin Hood eftir Ridley Scott. „Hann er búinn að gera heilan helling,“ segir Ólafur og bætir við að það hafi verið sáraeinfalt að hafa uppi á honum. „Ég fann náungann á netinu og talaði við hann. Hann vildi fyrst fá ógurlegar formúur fyrir verkið, svo benti ég honum á að ég væri á Íslandi, sem væri eins og lítið Disneyland – mjög lítill markaður. Þá fékk ég þetta frekar ódýrt. Hann gaf afslátt út á Ísland, það er bara málið.“

Ólafur er mikill stiklumaður og segist vera búinn að sjá miklu fleiri stiklur en kvikmyndir. Hann segir tónlistina í stiklunni skipta sköpum enda sé hún frímerki fyrir myndina. „Ef fólk ætlar að sjá myndina skoðar það *treilerinn* og því þarf hann að vera eins flottur og mögulegt er,“ segir hann.

Ágústa Eva Erlendsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Sigurður Sigurjónsson og hinn serbneski Zlatko Krickic fara með aðalhlutverkin í myndinni. Ólafur fór óhefðbundnar leiðir við fjármögnun myndarinnar og bauðst fólki meðal annars að styrkja myndina með frjálsum framlögum. Nú þegar hann sér fyrir endann á vinnunni við myndina segir hann að það sé hálfgerður gerviléttir. „Þegar eitt klárast byrjar annað,“ segir hann. „Ég er hættur að trúa á spennuföll, þau eru yfirleitt haugalygi. Englarnir koma með nýja verkefnaskrá þegar maður klárar eitthvað.“

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu myndarinnar, borgriki.is. **- afb**



**ÍSLENSKUR AFSLÁTTUR** Zack Hemsey gerði tónlistina í stiklum mynda á borð við Inception og The Town. Hann gaf Ólafi afslátt af tónlistinni fyrir stiklur Borgríkis vegna smæðar Íslands.








**ENGIN UPPGJÖF** Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, til hægri, segist sannfærður um að aðsóknin á myndina eigi eftir að aukast, sérstaklega þegar djúpar haustlægðir fara að gera vart við sig. Leikstjórinn er hér með aðalleikurum myndarinnar, Hilmari Guðjónssyni og Sveini Ólafi Gunnarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HAFSTEINN GUNNAR SIGURÐSSON: HITABYLGJUNNI UM AÐ KENNA

# Bíð eftir djúpri haustlægð til að aðsóknin taki við sér

„Ég ætla að kenna hitabylgjunni um þetta, ég er bara að bíða eftir djúpri haustlægð og þá kemur aðsóknin,“ segir Hafsteinn Gunnar Sigurðsson kvikmyndaleikstjóri.

Fyrsta myndin hans, Á annan veg, var frumsýnd um helgina. Hún fékk prýðilega dóma, fjórar stjörnur í Fréttablaðinu, þrjár í Fréttatímanum og fína umsögn í Morgunblaðinu.

En dómarnir virðast ekki hafa hreyft við fólki, aðeins 159 gestir greiddu sig inn á myndina um helgina samkvæmt lista frá Smáís. Og það verður að teljast heldur dræm aðsókn. Mikil veðurblíða lék við höfuðborgarbúa bæði laugardag og sunnudag og því viðbúið að margir hafi haft öðrum hnöppum að hneppa en að skella sér í bíó. Hafsteinn er hins vegar nokkuð brattur þrátt fyrir brösótta byrjun, segir myndina spyrjast vel út. „Ég er líka óþekktur, þetta er mín fyrsta mynd og þá eru leikararnir tiltölulega óþekktir. Þetta er mynd sem hvíslar á meðan stóru Hollywood-poppkornssmellirnir öskra,“ segir Hafsteinn en hann vildi hvetja fólk til að skella sér í bíó til að kynna sér það ferskasta í íslenskri kvikmyndagerð.

Guðmundur Breiðfjörð, markaðsstjóri hjá Senu sem dreifir myndinni, segir myndina eiga eftir að ná sér á skrið. „Þetta er þannig mynd að hún verður lengi í gang,“ segir Guðmundur og rifjar upp velgengni Nóa albínóa. Hún hafi farið hægt af stað í byrjun og raunar benti ekkert til þess fyrstu sýningarvikuna að myndin myndi njóta mikilla vinsælda. „Þetta eru bara þrír dagar, svona mynd þarf alveg viku til tíu daga. Markhópur hennar þarf tíma, hann þarf að skipuleggja sig, finna barnapíu og annað slíkt. Þessi mynd á alveg heilan helling inni,“ segir Guðmundur.

Á annan veg segir frá tveimur afar ólíkum mönnum sem vinna saman við vegavinnu á Vestfjörðum; annar ætlar í framhaldsnám í Þýsku en hinn er með kynlíf á heilanum. Aðalleikarar myndarinnar eru tveir, þeir Hilmar Guðjónsson og Sveinn Ólafur Gunnarsson, en auk þess bregður Þorsteini Bachmann fyrir í litlu hlutverki. Myndin er sýnd bæði í Háskólabíói og Smárabíói. **freyrgigja@frettabladid.is**






# Ópal er Obal í Danmörku

„Við urðum að breyta nafninu og komumst að þessari niðurstöðu ásamt dreifingaraðilanum í Danmörku. Ætli þetta sé ekki auðveldasta breytingin,“ segir Kristján Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Nóa Síríus.

Íslenski sælgætisframleiðandinn þurfti að breyta Ópal í Obal til að geta selt sælgætið frændum okkar í Danmörku. Íslendingar í Danmörku hafa rekið upp stór augu í Tiger-búðum þar í landi þar sem pakkar af íslenska sælgætinu standa í hrönnum en bókstafnum P er skipt út fyrir B. Útlitið á pökkunum er hið sama og hér heima.

Ástæðan er sú að danskur sælgætisframleiðandi var þegar búinn að tryggja sér réttinn á nafninu. „Sumir framleiðendur gera þetta, tryggja sér rétt á nöfnum án þess að nota þau. Þegar sóst var eftir að selja Ópal í Danmörku þurftu við því að breyta nafninu til að geta selt það,“ segir Kristján en rúmt ár síðan íslenska sælgætið fór í sölu í Danmörku.

Pakkinn kostar 10 krónur danskar sem er um 220 íslenskar krónur. Til samanburðar er vert að geta að Ópal pakkinn hér heima kostar einnig frá 220 krónum og upp úr. „Þetta er að verða vinsælt núna og Danirnir að komast á bragðið,“ segir Kristján Geir. **-áp**




**OBAL Í DANMÖRKU** Útlitið á sælgætispökkunum er alveg eins en nafnið er öðruvísi hjá Dönunum sem eru að komast á bragðið.

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

ÆTLARÐU NOKKUÐ AÐ MISSA AF SPORTBÚÐARÚTSÖLUNNI

# ÚTSALA

## ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

KASTSTANGIR ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

VEIÐIJAKKAR ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

VEIÐITÖSKUR ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

FLUGUSTANGIR ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

VÖÐLUR ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

VEIÐIVESTI ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

FLUGUHJÓL ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

FLUGULÍNUR ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

SPÚNAR OG FLUGUR Á BÆJARINS BESTA VERÐI?



PEACOCK 220,- KRÓKUR 220,-

BLACK GHOST 290,-

TOBIE FRÁ 299,- BLEIKJUSPINNER 299,-

BEITAN Í VEIÐIFERÐINA - ORMAR OG MAKRÍLL

SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vöfflur í Garði

**Sigríður Thorlacius** og félagar hennar í hljómsveitinni Hjaltalín lögðu undir sig samkomuhúsið í Garði í síðustu viku við æfingar og upptökur á nýju efni. Meðlimir sveitarinnar áttu annasama daga í Garðinum og stefna að því að leika að mestu nýtt efni á tónleikum á Airwaves-hátíðinni. Stefnan er svo sett á að upptökur hefjist í desember eða janúar. Hjaltalínkrökkunum var tekið með kostum og kynjum í Garði. Hæst bar að sjálfur bæjarstjórinn, Ásmundur Friðriksson, bauð tónlistarfólkinu í vöfflukaffi.



### Skemmti sér á Ljósanótt

**Jón Ólafsson** vatnskóngur var meðal þeirra sem létu sjá sig á Ljósanótt þetta árið. Jón sást skemmta sér konunglega á æskuslóðunum og var meðal fjölmargra gesta á tónleikum Hjálma á skemmtistaðnum Centrum á föstudagskvöld. Mikil stemmning var á tónleikunum reggísveitarinnar sem einnig á ættir að rekja til Suðurnesja. Jón var svo mættur í árgangagönguna svokölluðu daginn eftir, þar sem gengið er eftir Hafnargötunni.

**- hdm, þeb**



## Mest lesið vísir

1. Forsetafrúin setur fjölmiðlabann á börnin sín
2. Sjö tilkynningar hjá söfnuði Votta Jehóva
3. Hillary hrífur Cheney
4. Ikea notaði pólitíska fanga í sófasmíði
5. Mengun gæti breytt ásýnd Þingvallavatns
6. Ákærður fyrir að eyðileggja húsið sitt - og svíkja fé út úr fólki





